

Fornleifaskráning á Hvolsvelli og í nágrenni



Guðrún Alda Gísladóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS232-04012
Reykjavík 2004

Mynd á forsíðu: Tóftaþyrping á Brúnum (RA-255:017)

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Um mat á áhrifum framkvæmda á menningarminjar	5
3. Land og saga	7
4. Fornleifaskrá	8
5. Minjar á skráningarsvæðinu	49
5.1 Minjar innan framkvæmdasvæða á aðalskipulagi.....	50
5.2 Minjar innan við 100 m frá framkvæmdasvæðum	51
5.3 Landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði	51
5.4 Minjar utan aðalskipulagssvæðis.....	52
6. Niðurlag	55
Heimildaskrá	56
Fylgiskjöl - fornleifakort	58

1. Inngangur

Rangárþing eystra er sameinað sveitarfélag Austur- og Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur- og Vestur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps og Hvolhrepps. Nú stendur yfir endurskoðun aðalskipulags fyrir hið nýja sveitarfélag og í tengslum við það fóru forsvarsmenn sveitarfélagsins þess á leit við Fornleifastofnun Íslands, snemma árs 2004, að stofnunin gerði aðalskráningu á Hvolsvelli, eina þéttbýliskjarna svæðisins.

Kauptúnið Hvolsvöllur er byggt úr landi Stórólshvols og því ákveðið að aðalskrá allar fornleifar á Stórólshvoli og hjáleigum hennar (Kornhúsum, Götu, Stórugerði, Litlugerði, Króktúni og Magravelli). Við upphaf skráningar voru þekktar um 45 fornleifar á þessum jörðum. Eftir að aðalskráning fór af stað var ákveðið að skrá fleiri fornleifar en upphafi var ráðgert eða allar fornleifar á því svæði sem nýtt aðalskipulag kaupstaðarlandsins nær yfir. Því var að auki sá hluti jarðanna Miðkrika, Vestri-Garðsauka, Garðsaukahjáleigu og Eystri-Garðsauka sem lenti innan aðalskipulagssvæðis Hvolsvallar skráður. Þetta olli því að mun fleiri fornleifar voru skráðar en í upphafi var gert ráð fyrir, alls 105 minjastaðir.

Heimildum um menningarminjar í Hvolhreppi var safnað árið 2000 þegar Fornleifastofnun Íslands vann svæðisskráningu fornleifa í Rangárvallasýslu.¹ Við svæðisskráningu voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar. Sú heimildavinna liggur til grundvallar aðalskráningarinnar.

Við aðalskráningu var rætt við staðkunnuga á svæðinu, gengið á alla þekktu minjastaði og þeir skoðaðir. Auk þess var það svæði sem aðalskipulag Hvolsvallar nær yfir tekið til sérstakrar rannsóknar (deiliskráning). Um þessi svæði (t.d. íbúða-, iðnaðar- og hesthúshverfi) var farið og gengið úr skugga um hvort þar leyndust áður óþekktar fornleifar. Við skráningu var notast við aðalskipulagskort af Hvolsvelli (frá 19. nóvember 2003) sem enn er í mótun. Á grundvelli vettvangsrannsókna var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og mat lagt á þá hættu sem fornleifar væru í.

Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu Fornleifastofnunar á nauðsynlegum gögnum fyrir aðalskipulag.² Í 2. kafla er greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunar og takmörk rannsóknarefnis skilgreind, í 3. kafla er greint stuttlega frá þróun búsetu á svæðinu en í þeim fjórða er að finna fornleifaskráninguna sjálfa. Í 5. kafla er greint frá helstu

¹ Sædís Gunnarsdóttir. „Hvolhreppur“, 27-29.

² Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifaskráning á Húsavík* (Skýrsla FS166-01171). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2002; Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifaskráning í Hveragerði* (Skýrsla FS 137-00171) Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2002.

niðurstöðum vettvangsrannsóknar og sérstaklega fjallað um minjar í hættu, en skýrslan endar á niðurlagi (6. kafli).

Guðrún Alda Gísladóttir sá um vettvangsvinnu og úrvinnslu skýrslu. Oscar Aldred sá um kortagerð en yfirumsjón með verkinu hafði Adolf Friðriksson fornleifafræðingur.

Sérstakar þakkir fá heimildamenn fyrir ómetanlega aðstoð og hlýjar móttökur

2. Um mat á áhrifum framkvæmda á menningarminjar

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sér í lagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk þeirra. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur fyrir vettvangsathuganir.

Á undanförmum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001) eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...“ Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vítar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 14. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú telur ... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir ... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.“

Það eru því hagsmunir framkvæmdaaðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýtt auðlind í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

3. Land og saga³

Stórólshvols er getið í Landnámabók. Þar kemur fram að Ketill hængur hafi numið öll lönd milli Þjórsár og Markarfljóts, einkum landið milli Rangár og Hróarslækjar allt fyrir neðan Reyðarvatn og bjó hann að Hofi. Hann nam einnig öll lönd fyrir austan Rangá eystri og Vatnsfell til lækjar þess er fellur fyrir utan Breiðabólstað allt fyrir ofan Þverá nema Dufþaksholt og Mýrina en það land gaf hann Dufþaki nokkrum.⁴ Landnám Ketils er hluti Rangárvalla, allur Hvolhreppur og lítil rönd vestan af Fljótshlíðarhrepp. Mestu af landi sínu skipti Hængur milli barna sinna,⁵ og má nefna að Stórólfur Hængsson bjó á Hvoli.⁶

Fremur lítið er vitað um þróun byggðar á Stórólshvoli og í næsta nágrenni fram eftir öldum. Stórólshvolskirkja er nefnd í kirknatali Páls biskups Jónssonar, frá því um 1200 en almennt koma jarðir í Hvolshreppi ekki mikið við sögu í öðrum miðaldarskjölum en máldögum.⁷ Stórólshvoll hefur greinilega lengi haft mikla yfirburði yfir nágrennajarðir. Sóknarkirkjan var á Stórólshvoli en útkirkjur á Völlum, Efra-Hvoli og Velli og bænhús á Móeiðarhvoli. Þingstaður hreppsins var einnig á Stórólshvoli, og í byrjun 20. aldar var þar lækni-setur, sjúkraskýli og barnaskóli. Þrátt fyrir þær gamlagrónu hjáleigur sem röðuðu sér í kringum Stórólshvol, var ekki eins mikil hjáleigubbyggð í Hvolhreppi og víða annarsstaðar í Rangárvallasýslu. Flestar hjáleigurnar í kringum Stórólshvol byggðu á gömlum merg, og höfðu verið í byggð lengur en elstu menn muna árið 1703.⁸ Á 19. öld byggðust upp 4 hjáleigur, Norðurgarður, Ormsvöllur, Magrivöllur og Þinghólgil, allar farnar í eyði um aldamótin 1900 nema Ormsvöllur sem var í byggð til 1922.⁹

Kaupstaðurinn Hvolsvöllur er byggður úr landi Stórólshvols, á bökkum Öldunnar sem liggur í gegnum kauptúnið og setur svip á landslagið. Fyrsti vísir þess var þegar útibú frá kaupfélaginu í Hallgeirsey var opnað á Hvolsvelli árið 1930. Upp úr því fór kauptúnið að myndast, sýslumaður settist að á staðnum 1938 og eftir 1940 tók byggðin verulegan vaxtakipp¹⁰ og nú er Hvolsvöllur tæplega 1700 manna kauptún.¹¹

³ Byggt á byggðasögu Hvolhrepps (sjá Sædís Gunnarsdóttir. 2000.)

⁴ ÍF I, 347.

⁵ PS: „Um forn örnefni“, 500.

⁶ ÍF I, 355.

⁷ DI XII, 6.

⁸ JÁM I, 217-220.

⁹ SB IV, 491.

¹⁰ SB IV, 531-533.

¹¹ Upplýsingar fengnar af vef Sambands íslenskra sveitafélaga: <http://www.samband.is>.

4. Fornleifaskrá

Svæðis- og aðalskráning fornleifa á Hvolsvelli og í nágrenni eru fyrstu skipulögðu fornleifarannsóknir svæðisins. Þó má nefna að um og eftir miðja 20. öld var hafist handa við skráningu örnefna á svæðinu en í örnefnaskrárm felst góður fróðleikur um fornleifar enda við þær stuðst í fornleifaskráningu.

Að neðan er að finna upplýsingar um fornleifar í landi Stórólshvols og hjáleigna (Kornhúsa, Götu, Stóragarðis, Litlagerðis, Króktúns) en einnig í landi Magravallar, Miðkrika, Eystri- og Vestri Garðsauka og Garðsaukahjáleigu. Á vettvangi voru skoðaðar allar minjar í landi Stórólshvols (og hjáleigna) en að auki þær minjar í landi Miðkrika, Eystri - og Vestri Garðsauka og Garðsaukahjáleigu sem lenda innan aðalskipulags.


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-255:001, sem er Stórólshvoll í Rangárvallasýslu). Í skránni er gefið yfirlit yfir allar þekktar fornleifar á hverri jörð. Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt: fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands, staðarheiti, tegund fornleifar og því næst hlutverk hennar. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGP 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir, sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá, teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér/munu eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem yfirgnæfandi líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlað/eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inn í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórfamkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Á Hvolsvelli og í nágrenni voru aðalskráðir 105 staðir. Í næsta kafla verður fjallað nánar um þá staði sem næstir eru fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en hér er birt heildarskrá yfir alla minjastaði.



Kort af túnnum Vestri-Garðsauka, Garðsauhjáleigu og Miðkrika frá 1917

RA-232 Vestri Garðsauki

Árið 1709 er Vestri-Garðsauki 20 hdr. að dýrleika og eign Oddakirkju. Hjáleiga jarðarinnar er Garðsauhjáleiga RA-233. JÁM I, 211-212. HP telur jörðina hafa heitið Vestri-Garðsvika. H P: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók1923, 19. "Jörðin er landmikil miðað við aðrar jarðir í Hvolhreppi. Hún er öll grasi gróin og flatlend....Íbúðarhús er ekkert á jörðinni, en fjölskyldan býr í Hvolsvallarkauptúni," segir í Sunnlenskum byggðum IV, 521. Nýlega reistur Garðsauhjúleiga er nú í um kílómeters fjarlægð, norðvestur frá gamla

bæjarstæðinu.

1917: Tún 5,4 ha, þar af 2 ha slétt, garðar 1180 m². "Um það bil helmingur landsins er þurrlendir mór, en hitt myrlendi, mjög grasgefið. Vallendið auðræktað og gott ræktunarland, sauða- og hrossabeit er ágæt á myrlendinu", segir í Sunnlenskum byggðum IV, 521.

RA-232:001 Vestri Garðsauki bæjarhóll bústaður 63°44.466N 20°14.438V
"Mjög skammt er milli Miðkrika [GK-234] og Vestri-Garðsauka, en milli þeirra er Garðsaukahjáleiga [GK-233], sem nú er í eyði og lögð undir Vestri-Garðsauka," segir í örnefnaskrá. Tveir rústahólar, samfastir, eru u.þ.b. 100

m vestan við Miðkrika. Á syðri hólnum var Vestri-Garðsauki en á þeim nyrðri Garðsaukahjáleiga.

Bæjarhóllinn er gróinn en mikið raskaður. Bratt er af hólnum til austurs og vesturs en aflíðandi halli til suðurs og norðurs. Malarborinn vegur er austan hólsins, á merkjum milli Miðkrika og Vestri-Garðsauka. Landið er notað fyrir hesta.

Hóllinn er 70 x 50 m stór og a.m.k. 3 m hár. Á honum er mikið af rústum, mest eftir seinni tíma byggingar að því virðist og hafa þær allar verið rifnar. Á háhólnum er u.þ.b. 1,5 m djúpur húsgrunnur, 15 x 10 m stór. Traðir 011 liggja eftir hólnum vestanverðum, milli húsgrunnins og útihúsatófta 002 og 003. Á hólnum eru auk húsgrunnins fjórar tóftir, 002 og 003 sem eru fast neðan traða 011, 021 er norðan við húsgrunninn og 022 sunnan við. Suðvestur frá bæjarhúsi en fremur bratt af tröðunum niður í túnið. Kálgarður 023 var sunnan bæjar samkvæmt túnakorti. Í brekkurótum við sunnanverðan bæjarhóllinn eru garðlagsbrot, frá kálgarðinum.

Hættumat: stórhætta, vegna ágangs

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Garðsaukabæir, 1



Til vinstri er bæjarhóll Garðsaukahjáleigu RA-233:001 og til hægri er bæjarhóll Vestri-Garðsauka RA-232:001

RA-232:002 tóft útihús 63°44.460N 20°14.472V

Á túnakorti Vestri-Garðsauka frá 1917 er sýnt útihús neðan traðanna 011 í bæjarhólsrótum, 30 metra suðvestur af bæ 001. Þar er tóft.

Bæjarhóllinn er gróinn en mikið raskaður. Bratt er af hólnum til austurs og vesturs en aflíðandi til suðurs og norðurs. Malarborinn vegur er austan hólsins, á merkjum milli Miðkrika RA-234 og Garðsaukahjáleigu RA-233. Landið er notað fyrir hesta.

Tóftin er 8 x 8 metra, hleðsluhæð 0,8 metrar og er vesturgافل opinn. Tóftin er úr torfi og grjóti, utan þess að austurgافل tóftarinnar, sem liggur við bæjarhóllinn er steinsteypur að hluta. Tóftin eru full af braki.

Hættumat: stórhætta, vegna ágangs

Heimildir: Túnakort 1917

RA-232:003 tóft útihús 63°44.472N 20°14.457V

Á túnakorti Vestri-Garðsauka frá 1917 er sýnt útihús neðan traðanna 011 í bæjarhólsrótum, vestur af bæ. Þar er tóft.

Bæjarhóllinn er gróinn en mikið raskaður. Bratt er af hólnum til austurs og vesturs en aflíðandi til suðurs og norðurs. Malarborinn vegur er austan hólsins, á merkjum milli Miðkrika RA-234 og Garðsaukahjáleigu RA-233. Landið er notað sem hestagirðing.

Vestur og norðvestur af bæ 001 er stór tóft í rótum bæjarhólsins. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti, 20 x 10 m stór og hleðsluhæð allt að 1 m. Tóftin snýr suðvestur - norðaustur og opin mót norðaustri. Tóftin er mikið röskuð og mikið af hleðslugrjóti er í tóftinni og spýtnabrak

Hættumat: stórhætta, vegna ágangs

Heimildir: Túnakort 1917

RA-232:004 heimild um útihús 63°44.481N 20°14.893V

Á túnakorti Vestri-Garðsauka frá 1917 er sýnt útihús u.þ.b. 370 m vestur af bæ 001 og 50 m norður af útihúsi 006.

Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni

Túnið er á flatlendi sem er hlaupið í þúfur. Túnið er nú notað fyrir hesta. Ekki sést til útihúss á staðnum. Það hefur líklega verið sléttað út.

Hættumat: hættu, vegna ágangs

Heimildir:Túnakort 1917

RA-232:005 heimild um útihús

63°44.484N 20°14.932V

Á túnakorti Vestri-Garðsauka frá 1917 er sýnt útihús u.þ.b. 400 m vestur af bæ 001 og 60 m norðvestur frá útihúsi 006.

Túnið er á flatlendi sem er hlaupið í þúfur. Túnið er notað fyrir hesta.

Ekki sést til útihúss á staðnum, hefur líklega verið sléttað út.

Hættumat: hættu, vegna ágangs

Heimildir:Túnakort 1917

RA-232:006 tóft+garðlag útihús

63°44.452N 20°14.896V


Á túnakorti Vestri-Garðsauka frá 1917 er sýnt útihús u.þ.b. 460 metra vestur af bæ 001 og 50 metra suður frá útihúsi 004. Þar er hóll í túninu og garðlög við.

Túnið er á flatlendi sem er hlaupið í þúfur. Túnið er notað fyrir hesta.

Tóftin er rústahóll, sem stendur upp úr sléttlendinu. Hann er 22 x 17 m stór og snýr norður-suður. Í hólinn eru tvær dældir, sú minni norðar en stærri sunnar. Hæð hólsins er 1 m. Óljóst garðlag eða fremur kragi úr torfi liggja fast við hólinn sunnan og austan hans, þau eru u.þ.b. 0,2 m há. Í tíð Kristínar Einarsdóttur, sem ólst upp í Vestri-Garðsauka, voru stór lambhús norðan túngarðs 009 og gætu þetta verið tóftir þeirra.

Hættumat: hættu, vegna ágangs

Heimildir:Túnakort 1917



RA-232:007 heimild um útihús

63°44.467N 20°12.997V

Á túnakorti Vestri-Garðsauka frá 1917 er sýnt útihús u.þ.b. 460 metra vestur af bæ 001 og 90 metra norðvestur frá 006.

Túnið er á flatlendi sem er hlaupið í þúfur. Túnið er notað fyrir hesta.

Ekki sést til útihúss á staðnum, hefur líklega verið sléttað út.

Hættumat: hættu, vegna ágangs

Heimildir:Túnakort 1917

RA-232:008 heimild um áveitu

63°44.519N 20°14.812V

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709, segir: "Á engjar hefur vatni veitt verið fyrrum, og voru þá slægjur gagnlegar, nú hefur það ekki orðið í næstu tvö ár, því vatnsfarvegurinn er umbreyttur, og hafa engjar síðan minna sprottið, sýnist mönnum þetta þó orka muni meiri grasbrest framvegis."

Landið er stórþýft utan túnsins, en vel gróið.

Ekki sást til áveitumannvirkja við vettvangsathugun. Hafi áveitumannvirki veri sýnileg fyrr á öldum eru þau að líkindum horfin í tún nú. Öllu landinu var umbylt við jarðabótavinnu á 20. öld, að sögn Kristínar Einarsdóttur, sem ólst upp í Vestri-Garðsauka. Í Miðkrika er örnefnið Veita RA-234:005, norður frá bæ og bendir það til að veitt hafi verið úr Garðsaukalæk sem er norðan bæjanna Vestri Garðauka 001, Garðsaukahjáleigu RA-233 og Miðkrika RA-234.

Hættumat: hættu, vegna ágangs

Heimildir:JÁM I, 212

RA-232:009 garðlag túngarður

63°44.431N 20°14.414V

Á túnakorti frá 1917 er sýndur túngarður u.þ.b. 70 metra sunnan við Vestari-Garðsauka 001. Þar er túngarðurinn enn.

Stórþýfður mói er sunnan garðlagsins en tún Vestri-Garðsauka, sem farið að hlaupa í þúfur, norðan við. Landið beggja vegna garðsins er notað fyrir hesta.

Garðurinn er eingöngu torfhlaðinn. Hann er fyrst 470 m beint vestur en beygir þá 100 m til norðvesturs. Suðurhluta gamla túngarðsins er vel við haldið, enda er hann orðinn hluti af löngu garðlagi sem liggur a.m.k. 1 km til vesturs og beygir þá til norðvesturs upp að Garðsaukalæk. Sá hluti túngarðsins er stæðilegur 0,6 m hár og 1 m breiður, og á honum er girðing. Þar sem gamli túngarðurinn beygir til norðvesturs er hann rétt um 0,3 m hár

og víða farin að renna í sundur.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Garðsaukabæir, 1


RA-232:010 *Karlskofi* tóftir óþekkt

63°44.449N 20°14.583V

Rétt norðan túngarð 009, u.þ.b. 120 m suðvestur af Vestri-Garðsauka 001 og 260 metra ASA frá útihúsatóft 006, eru tveir rústahólar í túninu og sá þriðji u.þ.b. 30 m vestar. Í örnefnalýsingu segir: "Þar nokkru vestar [en túngarðurinn 009] er þurrlandur og stórbýfður rími, er liggur frá norðri til suðurs, kallaður Rif, en syðst á því er tóftarbrot, nefnt Karlskofi."

Grónir móar eru allt í kringum hólana. Svæðið er notað fyrir hesta.

Líklegt er að einn þessara rústahóla sé Karlskofi. Hólunum eru gefnir bókstafir til aðgreiningar. (A) er 6 m norðar en B. Hóllinn er 8 x 5 m stór og rúmlega 1 m á hæð. Í hann er smáæld. (B) er u.þ.b. 1 metra frá túngarði 009. Hann er 9 x 8 m stór og u.þ.b. 1 m á hæð. Áfast hólnum er sigið gerði sem liggur suðvestan við hann. Smáop er á gerðinu vestast. Það er 0,3 m hátt, og 5 x 6 m að innanmáli. 40 m vestar er rústalegur hóll (C) í túninu en í hann eru engar dældir. Hann er 8 x 8 m stór en lægri en hinir hólarnir, 0,3 m hár.



Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Garðsaukabæir, 1

RA-232:011 vegur traðir

63°44.536N 20°14.401V

Traðir liggja að Vestri-Garðauka og Garðsauhjáleigu RA-233 frá norðri og upp á bæjarhól Vestri-Garðsauka. Traðirnar eru merktar inn á túnakort frá 1917.

Sléttuð tún sem farin að hlaupa í þúfur eru beggja vegna traðanna. Landið notað fyrir hesta.

Traðirnar eru uppbyggðar u.þ.b. 0,2 m háar og 2 m breiðar. Þær alls u.þ.b. 170 m langar og ná frá girðingu norðan bæjarstæðis Vestri-Garðsauka og upp á hólinn vestan við bæinn 001 en austan við útihús 002 og 003, og niður af hólnum að sunnan. Traðirnar eru sýnilegar að opi á garðlagi kálgarðs 023 suðvestast á bæjarhólnum. Norðan hóls eru traðirnar sýnilegar að girðingu norðan til, en handan hennar er sléttuð tún. Skv. túnakorti frá 1917 virðast traðirnar ekki hafa verið lengri en þetta.

Hættumat: stórhættu, vegna ágangs

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Garðsaukabæir, 1-2

RA-232:012 *Brúarskák* heimild um brú

"Skammt fyrir suðvestan Karlskofa 010 taka mýrarslægjurnar við og liggja meðfram landamerkjum Dufþekju og Vesturbæja, alla leið að mörkum Móeiðarhvals og skipt í miðjafnlega breiðar skákar og átti hvert þessara þriggja býla 7 skákar og voru þær því 21. Austustu skákina átti Miðkrika, næstu Garðsauhjáleiga og þá vestustu Vestri-Garðsauki. Austastar voru Farvegsskákar, í þeim endaði Garðsauhjáleikur. Þá komu Breiðuskákar, þá Kristjánsskák frá Miðkrika og Langagerðisskákar frá Garðsauhjáleigu og V.-Garðsauka. Silungapyttsskák frá Miðkrika og Reynifellsskák frá hinum bæjunum. Brúarskák frá Miðkrika, Upp af henni lá heybandsvegurinn áður fyrr og voru verstu flóðin brúuð með trjám og torfi," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar nákvæmlega hvar vegurinn var enda landslagið mikið breytt og flest ofangreindra örnefna týnd vegna jarðbótavinnu á 20. öld. Skákirnar hafa þó verið norðvestan túns, utan skráningarsvæðis.

Landið er stórbýft utan túnsins, en vel gróið.

Heimildir: Ö-Garðsaukabæir, 1-2

RA-232:013 heimild um vörslugarð

63°44.556N 20°15.296V

"Skammt fyrir suðvestan Karlskofa 010 taka mýrarslægjurnar við og liggja meðfram landamerkjum Dufþekju og Vesturbæja, alla leið að mörkum Móeiðarhvals og skipt í miðjafnlega breiðar skákar ... Brúarskák [012] frá Miðkrika. Upp frá henni lá heybandsvegurinn áður fyrr og voru verstu flóðin brúuð með trjám og torfi. Næst koma Skjólgarðsskákar frá Garðsauhjáleigu og V.-Garðsauka. Þar var skjólgarður fyrri hross," segir í örnefnalýsingu. Heimildamenn þekktu ekki örnefnið en skákirnar voru norðvestan bæjar 001. Skjólgarðar voru víða á svæðinu að sögn Kristínar Einarsdóttur, sem ólst upp í Vestri-Garðsauka.

Landið er stórbýft norðvestan túns, en vel gróið. Landið er notað fyrir hesta.

Utan skráningarsvæðis, norðvestan túns.

Heimildir: Ö-Garðsaukabæir, 1-2

RA-232:014 tóft+garðlag óþekkt

63°44.574N 20°15.011V

Um 530 m norðvestur frá Vestri-Garðsauka 001 er gríðarmikill og iðagrænn hóll í stórbýfðum móa. Garðlag er

umhverfis hólinn.

Móinn er vel gróinn og mjög stórbýfður. Svæðið er notað fyrir hesta.

Hóllinn er rústalegur. Hann er mjög þýfður og djúpar skorur milli þúfna. Ekki er hægt að greina tóftir eða garðlög á honum. Hann er 40 x 20 m stór og snýr suðaustur-norðvestur. Hann er mun hærri og grænni að suðaustanverðu, a.m.k. 2 m hár. Aflíðandi halli er fráhesta punkti hólsins til norðvesturs en að öðru leyti fremur bratt niður af honum. Svæðið sem garðlagið afmarkar er u.þ.b. 270 x 80 m. Garðlagið gengur frá hólnum norðanverðum í sveig austur fyrir hann og til suðurs. Nálægt útihúsrúst frá Garðsauhjáleigu, RA-233:004 tekur garðlagið aftur stefnu til norðurs og tengist hólnum að sunnanverðu. Hæð garðlagsins er 0,5 m og breidd þess um 1 metri. Hvorki sést grjót í hólnum né garðlaginu.

Hættumat: hætta, vegna ágangs


RA-232:015 tóft fjárskýli

63°44.552N 20°15.037V

Um 520 m norðvestur frá Vestri-Garðsauka 001 og 30 m SSV af hól og garðlagi 014 er hringlaga tóft í móanum.

Móinn er vel gróinn og mjög stórbýfður. Svæðið er notað fyrir hesta. Tóftin er hringlaga og um 11 m í þvermál. Hún er iðagræn og sker sig úr gulri sinunni í móanum í kring. Tóftin er um 0,5 m há en er öll hlaupin í þúfur og mjög skorinn. Ekki er greinanlegt op á henni. Víða á þessum slóðum eru hringlaga fjárskýli, svokallaðar borgir, og gæti tóftin hafa gegnt slíku hlutverki. Ekki sést grjót í hleðslum.

Hættumat: hætta, vegna ágangs



RA-232:016 Tjarnarhóll Þjóðsaga álagablettur

"Fyrir vestan túnið í Vestari-Garðsauka er Tjarnarhóll, mjög þýfður, en grasgefinn, en var aldrei sleginn vegna áлага, sem á honum eiga að hvíla," segir í örnefnaskrá. Umræddur hóll var kallaður Álfhóll þegar Kristín Einarsdóttir var að alast upp í Vestri-Garðsauka.

Kristín segir fólk hafa trúað því að því hefndist fyrir að slá hólinn. T.d. heyrði hún talað um að hey hefðu fokið af túnum eftir að hann var sleginn. Hóllinn er utan skráningarsvæðis.

Heimildir: Ö-Garðsaukabær, 2

RA-232:017 tóft fjárhús

63°44.443N 20°15.049V

Um 520 m VSV frá Vestri-Garðsauka 001 og 130 metra suðvestur frá útihúsrúst 006, er tóft upp við garðlag 009. Hún er vestan gamla túnsins, vestar en þar sem gamli túngarðurinn liggur til norðvesturs [sjá lýsingu 009]. Vestan gamla túnsins upp við túngarðinn hefur landið verið sléttað. Landið er að hlaupa í þúfur og er notað fyrir hesta.

Tóftin er 23 x 12 m stór og 0,6 m há, snýr suðaustur-norðvestur. Hún er byggð úr torfi eingöngu og skiptist í þrjú hólf en opið er á milli allra hólfanna upp við suðvesturvegg (sem er garðlag 009). Það suðaustasta er 15 x 11m, miðjuhólfið 9 x 4 m og það norðvestasta 9 x 4 m. Gunnar Friðberg Sigurþórsson, ábúandi í Miðkrika, telur sig hafa heyrt að þarna hafi verið fjárhús. Garðlag 009 myndar suðvesturvegg tóftarinnar. Enginn hóll hefur myndast undir eða við tóftina auk þess sem veggir standa vel og bendir það til að tóftin sé fremur ungleg, líklega byggð á 20. öld. Tóftin er utan skráningarsvæðisins.


Hættumat: hætta, vegna ágangs

RA-232:018 þúst óþekkt 63°44.487N 20°14.833V

Um 330 m norðvestur frá Vestri-Garðsauka 001 og 80 metra norðaustur frá útihúsrúst 006 er iðagrænn og rústalegur hóll.

Túnið er á flatlendi sem er hlaupið í þúfur. Túnið er nú notað fyrir hesta.

Hóllinn er 13 x 5 m stór og snýr norður-suður. Hann er 0,6 m hár og rís hæst að sunnanverðu. Hóllinn líkist öðrum rústahólum í grenndinni og líklegt verður að teljast að þarna hafi staðið útihús.



Hættumat: hætta, vegna ágangs


RA-232:019 þúst útihús 63°44.475N 20°14.703V

Um 250 m vestan við Vestri-Garðsauka 001 og 160 metra norðaustan við útihúsarúst 006, er stór og rústalegur hóll í túninu.

Túnið er á flatlendi sem er hlaupið í þúfur. Túnið er nú notað fyrir hesta.

Hóllinn er 35 x 15 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er allt að 2 m hár og í hann eru tvær dældir sem líklega eru leifar útihúss. Sú minni er suðaustar og er 4 x 4 m að innanmáli en sú stærri er 7 x 4 m. U.þ.b. 2 metrar eru á milli dældanna. Hugsanlega mótar fyrir opi til norðvesturs. Bratt er af hólnum til suðausturs.

Hættumat: hætta, vegna ágangs



RA-232:020 tóft útihús

63°44.458N 20°14.493V

20 m vestan bæjarhóls Vestri-Garðsauka, 001, er tóft á smáhól í túninu.

Túnið er á flatlendi sem er hlaupið í þúfur. Túnið er nú notað fyrir hesta.

Hóllinn er 6 x 6 m stór og u.þ.b. 0,5 metra hár. Á honum er smátóft, 3 x 2 m stór og eru hleðslur hennar signar, 0,2 m háar. Tóftin snýr norðvestur - suðaustur. Tóftin er hlaðin úr torfi en í henni liggur hellugrjót, sem gæti hafa borist úr bæjarhólnum. Op er á norðvesturgaffli.

Hættumat: hætta, vegna ágangs

RA-232:021 tóft útihús

63°44.474N 20°14.439V

20 metrum norðan húsgrunnins á bæjarhól Vestri-Garðsauka 001, er tóft.

Bæjarhóllinn er gróinn en mikið raskaður. Bratt er af hólnum til austurs og vesturs en aflíðandi halli til suðurs og norðurs. Malarborinn vegur er austan hólsins, á merkjum milli Miðkrika RA-234 og Vestri-Garðsauka. Landið er notað fyrir hesta.

Tóftin er 12 x 12 m stór, hlaðin úr torfi og grjóti en hefur verið með bárujárnsþaki og liggur brakið í tóftinni. Brotnar þakstoðir standa upp úr tóftinni og er hleðslugrjót á víð og dreif. Op snúa í norðaustur. Þessi tóft ekki á túnakorti frá 1917 og líklega reist síðar.

Hættumat: stórhætta, vegna ágangs

RA-232:022 tóft útihús

63°44.462N 20°14.432V

U.þ.b. 5 metrum suðvestan við húsgrunn á bæjarhóli Vestri-Garðsauka 001 er ferningslaga tóft á hólnum.

Bæjarhóllinn er gróinn en mikið raskaður. Bratt er af hólnum til austurs og vesturs en aflíðandi halli til suðurs og norðurs. Malarborinn vegur er austan hólsins, á merkjum milli Miðkrika RA-234 og Vestri-Garðsauka. Landið er notað fyrir hesta.

Suðvestan húsgrunnins er ferningslaga 5 x 5 m stór tóft úr torfi, með op til norðausturs, að bæ 001. Hún er rétt um 0,2 metrar á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna ágangs

RA-232:023 garðlag kálgarður

63°44.455N 20°12.439V

Kálgarður 023 var sunnan bæjar samkvæmt túnakorti frá 1917. Í brekkurótum við sunnanverðan bæjarhóllinn eru garðlagsbrot, frá kálgarðinum.

Bæjarhóllinn er gróinn en mikið raskaður. Bratt er af hólnum til austurs og vesturs en aflíðandi halli til suðurs og norðurs. Malarborinn vegur er austan hólsins, á merkjum milli Miðkrika RA-234 og Vestri-Garðsauka. Landið er notað fyrir hesta.

Garðlagið liggur 20 m til vesturs, frá girðingu og malarveginum austan hólsins. Þá tekur hann stefnu til norðvesturs, aðra 20 m. Þrjú op eru á garðlaginu, austarlega, rétt við girðinguna, við beygjuna til norðvesturs og við suðvesturmörk bæjarhólsins þar sem traðir 011 koma niður af hólnum. Tóft 002 er fast við traðirnar. Garðlagið er mjög sigið, 0,3 m á hæð og u.þ.b. 0,5 m breitt. Mjög líklegt er að austari opin tvö séu rof, til komin vegna ágangs hesta.

Hættumat: stórhætta, vegna ágangs

RA-232:024 Skenkur heimild um fjárhús

"Samhliða Garðsaukalæk, en nokkrum föðnum norðar, er jarðfall, sem nokkurt vatn rann eftir og er það nefnt Læna. Nú hefur Garðsaukalæk verið gerður farvegur austast í Lænuna og rennur hann nú eftir henni. Rétt vestan við lænuna eru fjárhús frá Miðkrika, kölluð Borg en suðvestur af þeim voru önnur fjárhús frá Garðsauka

og hjáleigunni, kölluð Rot. Þar beint í vestur, rétt við landamörk Móeiðarhvals, voru fjárhús frá Vestri-Garðsauka, sem hétu Skenkur", segir í örnefnalýsingu.

Skenkur er utan þess svæðis sem tekið var til skráningar 2004.

Heimildir:Ö-Garðsaukabæir, 2-3

RA-232:025 Rot heimild um fjárhús

"Samhliða Garðsaukalæk, en nokkrum föðmum norðar, er jarðfall, sem nokkurt vatn rann eftir og er það nefnt Læna. Nú hefur Garðsaukalæk verið gerður farvegur austast í Lænuna og rennur hann nú eftir henni. Rétt vestan við Lænuna eru fjárhús frá Miðkrika, kölluð Borg en suðvestur af þeim voru önnur fjárhús frá Garðsauka og hjáleigunni, kölluð Rot", segir í örnefnalýsingu.

Rot er utan þess svæðis sem tekið var til skráningar 2004.

Heimildir:Ö-Garðsaukabæir, 2-3

RA-233 Garðsaukahjáleiga

Garðsaukahjáleiga eða Garðsvikahjáleiga, eins og hún er nefnd í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709, var reiknuð sem þriðjungur heimajarðarinnar. Það ár sem Jarðabókin var rituð var hjáleigan í eyði en "hennar fyrstu byggð muna menn ekki." JÁM I, 212. HÞ telur jörðina hafa heitið -Garðsvikahjáleigu. H Þ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók1923, 19. "Garðsaukahjáleiga er eyðibýli, sem hefur verið lagt undir Vestri-Garðsaukann." Sennilega fór hjáleigan eyði um 1920, segir í Sunnlenskum byggðum IV, 521.

1917: Tún 2,8 ha, þar af 1 ha slétt, garðar 985 m².

RA-233:001 Garðsaukahjáleiga bæjarhóll bústaður

63°44.480N 20°14.399V



Bæjarhóll Garðsaukahjáleigu. Mynd tekin til norðausturs af bæjarhóli Vestri-Garðsauka RA-23:-001.

"Mjög skammt er milli Miðkrika [RA-234:001] og Vestri-Garðsauka [RA-232:001], en milli þeirra er Garðsaukahjáleiga, sem nú er í eyði og lögð undir Vestri-Garðsauka," segir í örnefnaskrá. Tveir rústahólar, samfastir, eru vestan við Miðkrika. Á þeim nyrðri var Garðsaukahjáleiga, en þegar hún lagðist í eyði um 1920 féll hún undir Vestari-Garðsauka. SB IV. Þegar Garðsaukahjáleiga féll undir Vestari-Garðsauka RA-232, voru reist útihús þaðan, á bæjarhólum.

Gróinn hóll en mikið raskaður. Bratt niður af honum til allra átta niður á flatt túnið. Malarborinn vegur er austan hólins, á merkjum milli Miðkrika og Garðsaukahjáleigu. Landið er notað sem hestagirðing.

Hóllinn er u.þ.b. 50 x 45 m stór og allt að 3 m há. Skv. túnakorti stóð bærinn á háhólum. Þar eru nú dældir og tóftir frá sem liggja í suðaustur - norðvestur. Sú suðaustasta er u.þ.b. 4 x 4 m, hringlaga, a.m.k. 0,5 m djúp. Næsta dæld er 5 m norðvestar og er sú sporöskjulaga, 6 x 5 m og a.m.k. 1 metri á dýpt. 2 m norðvestar

er tóft, 5 x 5 m og er suðvesturgafli opin. Hleðslur hennar eru eingöngu úr torfi og eru mjög signar, 0,2 m háar. Fast við hana, að norðvestan er óskýr, grunn, hringlaga dæld, 4 m í þvermál en mjög röskuð. Fast norðaustan þessarar tóftaraðar, í hólum, er djúpt hólf og þykkt garðlag markar norðausturhlíð, 0,5 m hátt og allt að 1 m á þykkt, úr torfi. Hólf þetta liggur suðaustur - norðvestur, botn þess er flatur og er það alls u.þ.b. 30 x 10 m stórt og liggur í gegnum allan hólinn. Örlítið dýpra hólf er í suðausturenda 8 x 5 m að innanmáli. Framan við það er hringlaga dæld 5 m í þvermál og full af braki, bárujárni og timbri. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður norðaustan í hólum þar sem hólfid stóra er. Augljóst er að í hann var byggt. Bæjarhóllin er mjög raskaður því útihús frá Vestri-Garðsauka voru reist þar eftir að hjáleigan fór í eyði en útihúsin hafa nú öll verið rifin en ekki er alveg ljóst hvenær það var gert.

Hættumat: stórhætta, vegna ágangs

Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Garðsaukabæir, 1; SB IV, 521

RA-233:002 heimild um útihús

63°44.490N 20°14.402V

Á túnakorti Garðsaukahjáleigu frá 1917 er sýnt útihús norðaustan í bæjarhólum 001, 20 m norðaustur frá bæ. Úthúsið stóð í kálgarðshorni, en engin ummerki eru um það nú.

Bæjarhóllinn er gróinn en mikið raskaður. Bratt niður af honum til allra átta. Flatlendi er neðan hans. Svæðið er notað sem beitarhólf fyrir hross.

Ekki sést til útihússins, það hefur verið sléttá út eða lent í síðari tíma umróti.

Hættumat: stórhætta, vegna ágangs

Heimildir:Túnakort 1917

RA-233:003 heimild um útihús 63°44.513N 20°14.698V
Á túnakorti Garðsauhjáleigu frá 1917 er sýnt útihús 240 m norðaustan bæjarhóls 001 og 40 m norðaustan útihúss 004.

Tún Garðsauhjáleigu er sléttað en hlaupið í þúfur. Svæðið er notað sem beitarhólf fyrir hross.

Ekki sést til fornleifar á þessum stað, hefur að líkindum verið sléttuð út.

Hættumat: hætta, vegna ágangs

Heimildir:Túnakort 1917

RA-233:004 þúst útihús 63°44.507N 20°14.737V

Á túnakorti Garðsauhjáleigu frá 1917 er sýnt útihús u.þ.b. 270 m norðaustan við bæjarhól 001 og 40 m suðvestan útihúss 003. Þar er iðagrænn rústahóll í túninu.

Túnið er smápýft og nær algerlega flatt í kringum rústahólinn.

Hóllinn er nær því hringlaga, 8 m í þvermál og u.þ.b. 0,4 m á hæð. Í hólnum er dæld sem snýr suðvestur - norðaustur þar sem útihúsið hefur að líkindum staðið.

Hættumat: hætta, vegna ágangs

Heimildir:Túnakort 1917

RA-233:005 sáðslétta tún 63°44.488N 20°14.753V

Um 290 m vestur frá Garðsauhjáleigu 001 og 40 m suðvestur frá útihúsarúst 004 eru beðasléttur á nokkuð stóru svæði.

Túnið er smápýft og nær algerlega flatt í kringum rústahóla sem eru víða í túninu. Smápýfi er kringum beðasléttturnar.

Beðasléttusvæðið er á svæði sem er 50 x 40 m stórt og beðin nokkur. Þau snúa í norður - suður og sjást mjög vel, eins og öldur í landslaginu.

Hættumat: hætta, vegna ágangs



Horft til suðvesturs. Beðasléttan fremst. Rústahóll RA-232:018 í baksýn.

RA-233:006 þúst óþekkt 63°44.528N 20°14.461V

Vestan við traðirnar heim að Vestri-Garðsauka (RA-232:001) og Garðsauhjáleigu 001eru þúst í túninu. Á korti er þústin skráð RA-233:006 a. Hún er u.þ.b. 100 metra norðvestur af bæjarhól Garðsauhjáleigu 001 og 10 m sunnan tóftar 007.

Túnið er á flatlendi sem er farið að hlaupa í smápúfur. Svæðið er notað sem beitarhólf fyrir hross.

Þústin er 15 x 6 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er allt 0,8 m hár og í hana norðvestast er 4 x 2 m stór dæld, en mjög grunn. Þústin er hæst um miðjuna og er aflíðandi til suðausturs og norðvesturs. Sögur um reimleika eru tengdar þessum þústum eða hólum (006 og 007). Þegar Kristín Einarsdóttir, var barn í Vestri-Garðsauka, heyrði hún talað um að tóftir hefðu eitt sinn verið á hólunum.

Hættumat: hætta, vegna ágangs

RA-233:007 tóft útihús 63°44.534N 20°14.458V

Vestan við traðirnar RA-232:011 heim að Vestri-Garðsauka RA-232:001 og Garðsauhjáleigu 001er sigin tóft á smáhól. Á korti er tóftin skráð RA-233:006 b. Hún er u.þ.b. 110 metra norðvestur af bæjarhól Garðsauhjáleigu 001, og 11 m norður af 006.

Túnið er á flatlendi sem er farið að hlaupa í smápúfur. Svæðið er notað sem beitarhólf fyrir hross.

Þústin er 4 x 4 m stór, ferningslaga og u.þ.b. 0,6 m á hæð og í hana er dæld og líklega op til suðausturs. Að öllum líkindum er þetta leifar tóftar og hleðslurnar orðnar útflattar á hólnum, líklega verið sléttuðar með skóflum, eins og algengt var á svæðinu. Ekkert sést grjót. Sögur um reimleika eru tengdar hólum vestan traðanna (006 og 007). Þegar Kristín Einarsdóttir, var barn í Vestri-Garðsauka, heyrði hún talað um að tóftir hefðu eitt sinn verið á hólunum.

Hættumat: stórhætta, vegna ágangs

RA-234 Miðkriki



Horft til norðurs á bæjarhóll Miðkrika. Kálgarður hefur verið í brekkunni framanvið og lambhúsið 002 var nær og til vinstri. sést

Þegar Jarðbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er tekin saman í Rangárvallasýslu árið 1709 er jarðardýrleiki Miðkrika 10 hdr. og jörðin þá eign Stórolfshvolskirkju. JÁM I, 211. Miðkriki I er austan við gamla bæjarstæðið en Miðkriki II er norðaustan við það. Hefðbundnum búskap er hætt á jörðinni en túnin slegin og hrossagangur nokkur. Hesthúshverfi er risið sunnan við bæjarstæðið. 1917: Tún 4 ha, þar af 2 ha slétt, garðar 1446 m². "Vetrarhart er þar mjög, því af vatni og leysingum, sem hleypur yfir landið úr læk nokkrum í leysingum, verða ísalög mikil, og tekur þá fyrir bestu haga, sem oftast sker á hverjum vetri", segir enn fremur í Jarðbókinni. "Landið er allt grasi gróið, þurrir lyngmóar ofan til, en mýrlent sunnar og mjög grasgefið...Beit er ágæt á mýrlendinu, en móarnir heldur rýrir til beitar en vel fallnir til ræktunar", segir í Sunnlenskum byggðum IV, 520.

RA-234:001 *Miðkriki* bæjarhóll bústaður 63°44.484N 20°14.275V
"Bærinn stendur á flatlendinu, um 2 km sunnan við Hvolsvöll, rétt við þjóðveginn", segir í Sunnlenskum byggðum. Gamli bærinn á Miðkrika stóð á hól vestan íbúðarhússins Miðkrika I. Á hólnum standa miklar byggingar, hesthús, hlaða og súrheysturn.

Af hólnum er aflíðandi halli til norðurs en fremur bratt er niður af honum til suðurs þar sem kálgarðar voru. Malarborið hestagerði er vestan bæjarhólsins en að líkindum verið hólnum meira og minna verið ýtt til þegar nýju byggingarnar voru settar þar niður.

Núverandi umfang bæjarhólsins er u.þ.b. 60 x 50 m og er hann um 2 m á hæð en hóllinn er mjög raskaður. Torfbær var á hólnum a.m.k. til árisins 1928 að sögn Valgerðar Jóhannsdóttur, sem er fædd og uppalinn í Miðkrika. Þá var byggt timburhús með steypum kjallara og enn síðar útihús á hólnum norðanverðum, þau sem enn standa. Ekki er vitað hvenær gamli bærinn var rifinn og bæjarstæðið flutt en í Sunnlenskum byggðum kemur fram að á jörðinni er íbúðarhús úr timbri, byggt 1950, og er þar átt við bæinn í Miðkrika I.

Hættumat: stórhætta, vegna ágangs

Heimildir: SB IV, 520; Túnakort 1917

RA-234:002 heimild um fjárhús 63°44.448N 20°14.266V
Á túnakorti Miðkrika frá 1917 er sýnt útihús 60 metra suður frá bæ 001. Þar er rústahóll í gamla Miðkrikatúninu.

Svæðið er farið í órækt og er mjög þýft og raskað. Víða er það hálfgerft moldarflag.

Á hólnum stóðu fjárhús í tíð Valgerðar Jóhannsdóttur, sem ólst upp í Miðkrika en hún er fædd 1918. Á hóllinn voru síðar settir niður tveir braggar sem voru notaðir undir fjárhús og hlöðu, eins og fram kemur í Sunnlenskum byggðum. Hóllinn er 30 x 20 m stór og í honum er grunnur af fjárhúsanna, en þau voru nýlega voru rifin. Grunnurinn er 20 x 5 m stór og allt að 1 m á dýpt. Talsverðar ójöfnur eru suðaustan grunnsins og hóllinn allur hálfgerft flag.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

RA-234:003 *Borg* heimild um fjárhús 63°44.728N 20°14.354V
"Samhliða Garðsaukalæk, en nokkrum föðmum norðar, er jarðfall, sem nokkurt vatn rann eftir og er það nefnt Læna. Nú hefur Garðsaukalæk verið gerður farvegur austast í Lænuna og rennur hann nú eftir henni. Rétt vestan við lænuna eru fjárhús frá Miðkrika, kölluð Borg ...", segir í örnefnaskrá. Svæðið kringum Garðsaukalæk og Lænuna hefur allt verið sléttað og nákvæm staðsetning fjárhúsanna er ekki kunn. Sléttað tún er allt í kringum lækinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Garðsaukabæir, 2

RA-234:004 *Helgubyrgi* heimild um óþekkt 63°44.372N 20°14.191V
Helgubyrgi var niður í mýrinni suður eða suðaustur frá Miðkrika 001 skv. Valgerði Jóhannsdóttur, sem er fædd

og uppalin í Miðkrika.

Þýfð mýri, órækt.

Valgerður man eftir tóftum, sem voru kallaðar Helgubyrgi, suður eða suðaustur frá bæ 001. Nákvæm staðsetning þeirra er ekki kunn. Líklega hefur byrgið verið suðaustan aðalskipulagsreits þar sem fyrirhugað er að reisa hesthúsahverfi, sunnan við Miðkrika, og þ.a.l. utan skráningarsvæðis. Tóftirnar fundust ekki við vettvangsathugun. Helgubyrgi var fallið úr notkun þegar Valgerður fór að muna til, en hún er fædd 1918.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-234:005 *Veitur* örnefni áveita

63°44.615N 20°14.170V

"Skammt norðan við bæina rennur Garðsaukalækur, en á syðri bakka hans eru vallendisslægjur, nefndar Veitur," segir í örnefnaskrá. Í svo til miðjum Veitum er hóll u.þ.b. 250 norðaustur frá bæjarhóli Miðkrika 001.

Sléttað tún.

Veitan hefur nú verið sléttuð í tún en í henni er enn sjáanlegur svokallaður Veituhóll. Hann er 14 x 12 m stór en 0,6 m hár og líkist öðrum rústahólum á svæðinu en ekki er hægt að greina á honum ójöfnur. Ekki sér til áveitumannvirkja á Veitunni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Garðsaukabæir, 2

RA-234:006 *Guðrúnarhóll* þúst útihús

63°44.533N 20°14.225V

"Rétt fyrir norðan Miðkrika er lítill hóll, sem áður voru tættur, nefndar Guðrúnarhóll," segir í örnefnaskrá. Kúmenhóll er þar hjá, að sögn Valgerðar Jóhannsdóttur, sem ólst upp í Miðkrika. Tveir hólur, sem þó eru samfastir, eru við girðingu u.þ.b. 100 m norður af bæjarhól Miðkrika og í vestur frá Miðkrika II.

Hólarnir hafa verið sléttaðir og umhverfis þá eru sléttað tún.

Ekki sjást tóftir á hólnum, þær hafa verið sléttaður út. Hólarnir eru því nær kringlóttir eru alls 11 m í þvermál, 0,7 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-234:007 *Réttarkrókur* heimild um rétt

63°44.737N 20°14.523V

"Nyrzt og vestast á Miðkrikaveitunum er dálítið stykki, sem var að nokkru afmarkað af garðbroti og tættum og heitir það Réttarkrókur", segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning Réttarkróks er ekki kunn, og ekki er ljóst hversu langt vestur, Miðkrikaveitur náðu. Veitur 005 eru norðan og norðaustan bæjarhóls Miðkrika 001.

Sléttuð tún er norður af Garðsaukabæjunum; Vestri-Garðsauka RA-232, Garðsaukahjáleigu RA-233 og Miðkrika 001.

Ekki sést til réttarinnar, að öllum líkindum er búið að slétta réttina í túnið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Garðsaukabæir, 2

RA-234:008 gata traðir

63°44.532N

63°44.532V

Á túnakorti Miðkrika frá 1917 eru sýndar traðir sem liggja til norðvesturs frá bæjarhól. Enn sést móta fyrir tröðunum sem liggja yfir hrygg í túninu. Traðirnar heim að Vestri-Garðsauka liggja yfir sama hrygg.

Beggja vegna traðanna er Gamla Miðkrikatúnið sem er allt í hryggjum og dældum.

Traðirnar eru u.þ.b. 80 m langar og ná frá bæjarhól og til norðvesturs. Þær eru upphlaðnar og eru 0,2 m háar og allt að 2 m breiðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-234:009 þúst óþekkt

63°44.479N 20°14.079V

Austan við húsið í Miðkrika I, 140 m suðaustur frá bæjarhól 001, er hóll. Hann stendur u.þ.b. á miðri lóðinni Miðkrika I.

Slétt flöt er framan við íbúðarhúsið, hóllinn sker sig úr og er eina hæðin á svæðinu.

Hóllinn er u.þ.b 6 x 6 m stór og 0,6 m hár og líkist öðrum rústahólum á svæðinu. Að sögn ábúanda í Miðkrika 1, Gunnars Friðbergs Sigurþórssonar, hefur hann orðið var við grjót í hólnum við slátt. Grjót sést sjaldnast í rústum útihúsa á þessum slóðum og sést varla nema í bæjarhólum. Valgerður Jóhannsdóttir, sem ólst upp í Miðkrika, man eftir hól á þessum slóðum, sem nefndur var Kattarhóll en ekki voru tættur á honum í hennar minni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-237 Eystri Garðsauki

20 hdr 1709. 1519: Garðsauki hin stærsti nefndur í afhendingarbréfi. DI VIII, 681. HP telur jörðina hafa heitið

Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni

Eystri-Garðsvika. H Þ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók1923, 19. "Land á jörðin mjög lítið, og er sögn manna að heyrð hafi af eldri sjer í gamla daga skyldi slægjuland hafa lagt verið frá Eystri Garðsvika til Hvols, sem kallað er Túnga, fyrir peninga beit í Hvols landi, og er það enn so brúkað." Fásakot er eyðihjáleiga 1709. JÁM I, 210 Jörðin hefur verið lögð undir Götu ekki er getið um ábúendur eftir 1955. SB IV, 489 1709: "Túninu spillir leir og mold, er lækur uppá ber um vetur, nær leysing kemur eftir ísalög." JÁM I, 210 1839: "... hefur slétt en mögum tún. Má kalla haga- og útslægjulaus, en nýtur beitar frá Stórolfshvoli." SSR, 129. 1917: Tún 14,3 ha, þar af 11 ha slétt, garðar 2372 m²

RA-237:001 *Eystri Garðsauki* bæjarhóll bústaður 64°44.597N 20°13.501V
Eystri Garðsauki er utan þess svæðis sem tekið var til skráningar 2004.
Heimildir:Túnakort 1917

RA-237:002 heimild um útihús
Útihúsið er utan þess svæðis sem tekið var til skráningar 2004.
Heimildir:Túnakort 1917

RA-237:003 heimild um útihús
Útihúsið er utan þess svæðis sem tekið var til skráningar 2004.
Heimildir:Túnakort 1917


RA-237:004 heimild um útihús
Útihúsið er utan þess svæðis sem tekið var til skráningar 2004.
Heimildir:Túnakort 1917

RA-237:005 *Fásakot* bæjarstæði býli
JÁM "Fásakot aðrir kalla Fásatofter var hjáleiga frá Eystri Garðsvika. Hefur ekki byggt í 55 ár, eða þar um. Kann og aldrei aftur að byggjast vegna heyskaparleysis og aðþrengingar á jörðunni." "Beint suður frá Fásagarði [sjá 008], vestur undir merki, eru tættur, sem benda til að þar hafi áður verið bær - (Fásakot)." Segir í örnefnalýsingu.
Fásakot er utan þess svæðis sem tekið var til skráningar 2004.
Heimildir:JÁM I, 210; Ö-Garðsaukabær, 1

RA-237:006 *Garðsaukatröðum* heimild um traðir
"Að austan takmarkast land Eystri-Garðsauka af þjóðveginum eða Garðsaukatröðum ..." Segir í örnefnalýsingu.
Traðirnar eru utan þess svæðis sem tekið var til skráningar 2004.
Heimildir:Ö-Garðsaukabær, 1

RA-237:007 *Þvottagarður* heimild um þvottastað 63°44.668N 20°13.503V
"Norður af bænum er garðbrot, sem heitir Þvottagarður ...," segir í örnefnalýsingu. Ekki er lengur vitað um staðsetningu Þvottagarðs.
Garðurinn var þar sem nú er tún umhverfis bæjarhól Eystri-Garðsauka. Túnið hefur verið sléttað en er nú hlaupið í þúfur og ganga hestar á landinu. Talsvert umrót er við lækinn, norður af bænum og virðist jarðvegi hafa verið ýtt til á bökkum hans.
Að líkindum var þveginn þvottur í Garðsaukalæk og hann e.t.v. breiddur til þerris á Þvottagarð. Þvottagarður sést ekki lengur. Annaðhvort er hann horfinn í umrótíð norðan bæjarhólsins eða verið sléttaður í túnið. Svæðið norður af bæjarhól Eystri-Garðsauka er fyrirhugað sem iðnaðarsvæði skv. aðalskipulagi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Garðsaukabær, 1

RA-237:008 *Fásagarður/Fansagerði* garðlag
"Norður af bænum er garðbrot, sem heitir Þvottagarður, en vestur undir landamörkum er annað garðbrot, sem heitir Fásagarður, (Fansagerði?). Benda miklir göturoðningar á, að þar hafi þjóðvegurinn legið áður," segir í örnefnalýsingu.
Garðlagið er utan þess svæðis sem tekið var til skráningar 2004.
Heimildir:Ö-Garðsaukabær, 1



RA-255 Stórolfshvoll

Jarðadýrleiki 80 hdr., árið 1709, kirkjustaður. Í Landnámu er getið Stórolfs sem bjó á Hvoli. ÍF I, 355. c. 1200: Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII 6. 1271: Jörðin nefnd í samningi Árna biskups Þorlákssonar

Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni

við Steinvararsyni. DI II, 92. [1332]: Máldagi kirkjunnar. "Mariu kirkia oc hins heilaga olafs at hualé nedra a prestz skyld j heima landi. duffpaks hollt. v. kugilldi uis nema framar profuizt." DI II, 689-690 [1367]: Máldagi kirkjunnar. DI III 217 1397: Máldagi kirkjunnar. DI IV 83. [um 1480]: Máldagi kirkjunnar. DI VI 327-328. 1500: Jörðin Vindás í Hvolhrepp er í Hvolskirkjusókn DI VII, 484 1553: Máldagi kirkjunnar DI XII 651-652. 1575: Máldagi kirkjunnar. DI XV 666-667: "Kirkjan á hálfan reka við Skálholts dómkirkju fyrir Fitjarlandi í Eystri Landeyjum. Hún á og tvö skógaritök í Næfurholts landi, eru kölluð Hvolts skógar. Er annað ítakið af blásturssandi foreytt og að engu gagni, hitt að litlu til kolagjörðar, hefur því grandað yfirfall af vikri úr Heklu, hvar af skógurinn visnar upp, þar með hefur hann og eyðst fyrir yrkinga manna smám saman." 1709 er talað um eyðibýlatóftir í Djúpadal. Aðrar hjáleigur eru Gata, Kornhús, Stóragerði, Litlagerði, Króktún, Þinghóll, JÁM I, 216-219. Síðar voru í byggð Ormsvöllur og Magrivöllur. "Land jarðarinnar er víðlent, liggur til vesturs allt að Eystri-Rangá, að mestu leyti þurrir vallendis- og lyngmóar, þrýðisgóðir til ræktunar. Nú hefur mikill hluti landsins verið tekinn undan jörðinni, undir graskóglaverksmiðju og undir þéttbýlið á Hvolsvelli." SB IV, 490. Hvolsvallarkauptún er byggt í landi Stórólshvols og Króktúns. SB IV, 532.

1917: Tún 10,7 ha, þar af 4 ha slétt, garðar 2085 m². "Engjar frá Stórólshvoli voru á Þverárbökkum sunnan Duffþekju," segir í Sunnlenskum Byggðum IV, 490.

RA-255:001 Stórólshvoll bæjarhóll bústaður 63°45.141N 20°12.733V
Stórólshvolsbær stóð á hól eða hjalla neðan Húsadals u.þ.b. 40 m norðan við Stórólshvolskirkju. Á grunni þess var síðar reist sjúkraskýli og er það sýnt á túnakorti frá 1917. Sjúkraskýlið var tengt gamla læknisbústaðurinn 005 með göngum. Safnaðarheimili er í bæjarhólnum, suðvestan bæjarstæðisins. Bratt er suðvestur af hólnum eða hjallanum sem bæjarhúsin stóðu á, en búið er að raska bæjarstæðið mjög mikið. Þar sem bærinn stóð er nú sléttáð flag, ófrágengið eftir byggingarframkvæmdir við safnaðarheimilið vestan við. Bæjarhúsin stóðu u.þ.b. á miðjum hólnum. Neðan bæjarstæðisins, (vestan þess) liggur malarvegur upp að safnaðarheimili og upp á malarborið útsýnis- eða snúningsplan sem er á norðanverðu bæjarstæðinu. Í Sýslu- og sóknalýsingum, segir: "Heldur eru bær í sóknunum [Stórólshvols-og Sigluvíkursóknunum] óreisulegir og illa húsadir nema á Stórólshvoli." "Skólahald hófst í Hvolhreppi fljótlega eftir að fræðslulögin tóku gildi. Kennt var í þinghúsi hreppsins sem stóð norðan við kirkjugarðinn milli kirkjunnar og sjúkraskýlisins, en það stóð þar sem nú er læknisbústaðurinn [þ.e. 1982, en er horfinn 2004]," segir í Sunnlenskum byggðum. Gamli bærinn stóð á hól með aflíðandi brekku mót suðri og suðvestri. Búið að byggja a.m.k. þrisvar á staðnum sem bærinn stóð á. Árið 1910 stóð enn tveggja bursta torfbær á hólnum en 1917 (túnakort) var komið þar sjúkraskýli, tvílyft hús og að öllum líkindum með steinsteypum kjallara. Innangengt var úr sjúkraskýlinu yfir í gamla læknisbústaðinn með göngum. Síðar var enn byggt hús á hólnum, nýr læknisbústaður sem var stórt, tveggja hæða hús. Öll þessi hús eru nú horfin sem og öll ummerki um þau. Safnaðarheimili var byggt árið 2003. Við það var hluti bæjarhóls fjarlægður og gerður hvammur inn í bæjarhólinn suðvestanverðan. Að auki hefur verið grafin roþró í sjálfan hólinn. Á ljósmynd frá 1910 (SB IV, 487) sést að kálgarður var í brekkunni framan við bæinn og á túnakorti frá 1917 er kálgarðurinn merktur **Hættumat**:inn á sama stað, fyrir framan sjúkraskýlið og gamla læknisbústaðinn. Þar sem kálgarðurinn var er malarborin stórhætta, vegna framkvæmda vegur, sem var heimreið heim að "nýja" læknisbústaðnum (sem nú er horfinn) en nú er þar aðkoma að **Heimildir**:safnaðarheimilinu. Neðan vegarins er aflíðandi grasi gróin brekka niður á flatlendið, Öldubakkana þar sem Túnakort 1917; SB IV, 487; SSR, 125 kauptúnið stendur. Bæjarhóll Stórólshvols hefur orðið fyrir miklu raski vegna byggingarframkvæmda og við

RA-255:002 kirkjugarður kirkja 63°45.112N 20°12.743V
Kirkja hefur frá öndvegi verið í landi Stórólshvols. Kirkjan er sunnan undir Hvolsfjalli, ofan kauptúnsins. Kirkjan er u.þ.b. 40 m suður frá bæjarstæði Stórólshvols 001. Kirkjan stendur á sléttri flöt innan ósléttáðs kirkjugarðs. Kirkjugarðurinn er í brekku mót suðri og suðvestri. Austan og norðaustan garðsins er Kornhúsahóll RA-256:002. Þýfð mýri er sunnan undir garðinum.

NEDRI HVOLL Í HVOLHREPPI (R) -Maríu, Ólafi
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 6

[1332]: nedra huol. Gamall maldagi.
Mariu kirkia oc hins heilaga olafs at hualé nedra a prestz skyld j heima landi. duffpaks hollt.

v. kugilldi uis nema framar profuizt.
heima manna tijund. oc groptur oc lysitollar. oc af xij



Stórólshvolskirkja til norðausturs.
Safnaðarheimili er vinstra megin.

bæium odrum j allre skylldu. enn or langagerdi onnur huer missere.

Jtem gaf ion fra efra huali. kirkiunni hundrat voru. j salugiof.

fru þuridur aa at giallda kirkiunni kugillde firir ku þa er hun selldi fra kirkiunni.

hun a v. manna messu klædi oc vij hokla. v. alltara klædi med dukum. kantara kapur iij. oc ein med sylfur flingiu. fontklædi. sacrarium munnlaugh. glodarker oc vatzketil. sloppa ij. kaleika ij. textum euangeliorum buinn med silfur. cc. j bokum. kluckur vj. oc biollu eina. krossa iij. likneski vij. oc mariu skriftt. tiolld vmm alla kirkiu. glergluggar v. vatzkarl rifinn. jarnstiku stora oc krokstikur. v. kertistikur ij med kopar. brik yfver alltare. baksturjarn.

þadan skal syngia annann huern dag helgann til efra huaals oc taka ij merkur.

tekur prestur heima iij. merkur.

Jtem ij c j flytianda eyri. Máld DI II 689-690

[1367]: xx. Mariukirkia a Nedrahuole a prestskyld j heima lande. dufþaksholltt. viij kugillde.

les vilchinsbok þui þad ber allt saman; Hítardalsbók DI III 217

1397: a prestskyld j heimalandi. Dufþaksholltt

Heimamanna tiund oc groptur oc lysitollur oc af .xij. bæium odrum. oc allri skylldu. Enn vr Langagerdi onnur hver misseri.

Jtem gaf Jon fra Efra Hvoli .c. voru j salugiof.

þadan skal syngia annann hvern dag helgann til Efra Hvols. Máld DI IV 83

[um 1480]: Huol.

Mariu kirkia oc hins heilaga olafs kongs. at nedra huoli a prestskyld j heima landi. dufþaks holltt. viij. kugilldi. heima manna tiund. groptur oc lysitollur. oc af xij bæium odrum j allri skylldu. enn or langagerdi onnu huer missere.

jtem [gaf] jon fra efra huoli c. voru j saalugiof.

hun aa ij kapur godar. oc einn slopp. ein messuklædi god. oc onnur lettare oc messuserkur laus. v hoklar lauser oc eru ij vonder. iij alltaris klædi med glitudum dukum. pax spiolld sæmilig oc ij. lettari. v. koparstikur. ampli med tin. glodar ker. kalekur forgylltur. ocannar ogylltur oc brakadur. ij alltaris steinar. ij burdar stikur. einar stolur lausar. skirnar saar. vatzketill. lectari oc dukur þar a til. ij kaleks hus. iij psalltarar. lesbok de sanctis per anni circulum. alltarisbok. sequentiu bok. graduale vondur a sumarid. lesbok aa veturinn de tempore til palmasunnudags. missale de tempore oc de sanctis per anni circulum. brestur til graduale de sanctis a veturinn. ottusonguabok a sumaret de tempore oc de sanctis fra trinitatis deigi til aduentu. lesbok fra de trinitatis til aduentu. kirial. processionale. ottusonguabok fra niu vikna fostu til paska de tempore. de tempore bok fra paskum til aduentu. matutinale handbok. brijk yfer alltari oc kross. jons likneski baptiste. andres skriptt. mariu skriptt. olafs skriptt. þorlaks likneski oc peturs. katrinar likneski oc kross med vndirstodum. ij merki. glitadur dukur yfer kosse oc annar yfer alltari. tiolld vmm kor. sæmiligur hialmur. skruda kista vond. kistill ed helgum domum. teikn buid med silfur. vj jarnstikur. vj. kluckur.

Jtem gefid eitt alltaris klædi.

Porcio ecclesie vmm ix aar a medan Einar heitinn hiehltt halftt fiorda hundrad.

Jtem a einu are er cecilia hiehltt. iij. voder oc xv alnar vadmals betur.

Var giortt ofnn a kirkiuna .xxx. hundrada.

Jtem brestur stora jarnstiku oc iij kolfa j kluckurnar er Einar heitinn fargadi.

Jtem brast eina silfur flingiu.

Þadan skal syngia annann huern dag helgann til efra huols. Máld DI VI 327-328 [AM 263 fol, bl. 39-40; Þjsks Bps A II, 1, bl. 124a - Einar Ormsson á Hvoli dó 1470]

25.5.1500: Jöðin Vindás í Hvolhrepp er í Hvolskirkjusókn DI VII, 484

1553: Máld DI XII 651-652

1575: Máld DI XV 666-667

1709: Kirkjustaður. Er hjer embættisgjörð framin annan hvern helgan dag mót við Skúmstaða kirkju; JÁM I: 216.

8.11.1859: Stórólfsþvolsprestakall lagt niður og sóknin lögð undir Keldur; (PP, 62) [bréf stiftsýfirvalda]. 1930: Gamla tímurburkirkjan rifin og ný reist á grunninum staðinn. Endurbætt 1955. SB IV, 486-487. Garðurinn er ferhyrningslaga en óreglulegur. Kirkjan og garðurinn eru merkt inn á túnakort frá 1917 og af því að dæma var garðurinn þá með svipuðu sniði og nú, en heldur minni, munar u.þ.b. 10 m til austurs. Var þá um 40 X 30 m en er nú um 50 x 30 m. Árið 1917 var vesturhlið og suðurhlið um 30 m langar eins og nú. Núverandi kirkja snýr norðvestur-suðaustur og er hún í miðjum kirkjugarðinum. Kirkjugarðurinn er ósléttaður og umhverfis hann er girðing utan þess að vesturveggur var nýlega hlaðin úr hraungrýti. Tré eru víða í garðinum og trjábelti með suðurhlið. Garður og kirkja eru í fullri notkun.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917; JÁM I, 216; DI; SB IV, 486-487

RA-255:003 Barnaskólimm heimild um 63°45.128N 20°12.720V

Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni

Á túnakorti frá 1917 er merkt hús norðan við norðausturhorn kirkjugarðs. Þessi staður er u.þ.b. 4-5 metra ofan núverandi safnaðarheimilis og þar stóð gamli barnaskólinn en engin ummerki sjást um hann nú. Barnaskólinn stóð á bæjarhól Stórólshvols.

Sléttað flag, ófrágengið eftir byggingarframkvæmdir við safnaðarheimilið vestan við.

"Skólalald hófst í Hvolhreppi fljótlega eftir að fræðslulögin tóku gildi. Kennt var í þinghúsi hreppsins sem stóð norðan við kirkjugarðinn milli kirkjunnar og sjúkraskýlisins, en það stóð þar sem nú er læknisbústaðurinn [1982, en er nú horfinn]," segir í Sunnlenskum byggðum. Ekki sést til fornleifar. Suðurhluti bæjarhólsins er inni á aðalskipulagi þar sem svæði fyrir þjónustustofnanir er fyrirhugað og er því staðurinn í stórhættu vegna frekari framkvæmda.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; SB IV, 478

RA-255:004 heimild um útihús



Bæjarstæði Stórólshvols, frá vinstri: Hrafnabjalli (ber í þakmæni), Fjósadalur (sjá 009), Bjallinn, Húsadalur (sjá 007) og Ekra (sjá Þinghól 010). Kornhúsaóll (RA-260:002) rís aftan kirkjunnar (002). Bærinn (001) stóð aftan við safnaðarheimilið.

63°45.133N 20°12.715V

Á túnakorti frá 1917 er sýnt hús norðaustan við norðausturhorn kirkjugarðs. Hús þetta stóð fast ofan barnaskólans og á bæjarhól Stórólshvols.

Sléttað flag, ófrágengið eftir byggingarframkvæmdir við safnaðarheimilið vestan við.

Ekki er vitað um hlutverk hússins. Ekki sést til fornleifar. Suðurhluti bæjarhólsins er inni á aðalskipulagi þar sem svæði fyrir þjónustustofnanir er fyrirhugað og er því staðurinn í stórhættu vegna frekari framkvæmda.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917

RA-255:005 Gamli læknisbústaðurinn heimild um bústað

63°45.133N 20°12.730V

Á túnakorti frá 1917 er sýnt hús fremst á bæjarhól Stórólshvols og kálgarður neðan við. Þar stóð gamli læknisbústaðurinn og var hann tengdur sjúkraskýlinu, sem var reist á grunni gamla Stórólshvolsbæjar 001, með göngum. Gamli læknisbústaðurinn sést á ljósmynd frá 1910 (sjá Sunnlenskar byggðir). Gamli læknisbústaðurinn stóð á norðvestanverðum bæjarhól Stórólshvols.

Á þessum stað er nú sléttuð flöt, þökulögð og gróin. Á flötinni er eitt tré á brekkubrúninni. Þaðan er brekka niður að malarborinni heimreið að safnaðarheimilinu. Ofar rís Hvolshvöll.

Gamli læknisbústaðurinn var tvílyft timburhús. Öll ummerki byggingarinnar eru horfin. Suðurhluti bæjarhólsins er inni á aðalskipulagi þar sem svæði fyrir þjónustustofnanir er fyrirhugað og er því staðurinn í stórhættu vegna frekari framkvæmda.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917; SB IV, 487

RA-255:006 heimild um útihús

63°45.159N 20°12.743V

Á túnakorti frá 1917 er sýnt stórt hús 50 m norðan við sjúkraskýlið, sem var reist á grunni gamla bæjarins í Stórolfshvoli 001. Þar stóð útihús.

Á norðanverðu bæjarstæðinu er nú sléttuð flöt og malarborinn vegur. Húsið hefur staðið fast undir klettunum. Öll ummerki byggingarinnar eru horfin. Þar stóð a.m.k. hlaða samkvæmt Hrafnkatli Helgasyni, sem ólst upp á Stórolfshvoli. Hlöðuna má sjá á ljósmynd frá 1910 í Sunnlenskum byggðum.


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda**Heimildir:** Túnakort 1917; SB IV, 487**RA-255:007** Húsadalur tóft fjárhús

63°45.136N 20°12.745V


Inn á túnakorti frá 1917 er merkt útihús 20 m norðaustur af bæ 001 og um 60 m norðaustur frá kirkjunni 002. Þar er tóft norðan megin í dalverpi, Húsadal, sem liggur austan (fremur en suðaustan) bæjarstæðis, beint upp af safnaðarheimili. Í athugasemdum við örnefnaskrá Hvolsvallar segir: "...Húsabjalli næst frá bæ. Fjósadalur er þar norðan við. Húsadalur er suðaustan við íbúðarhúsið. Hrafnabjalli er norðan við Fjósadal."

Húsadalur er þröngt en gróið dalverpi. Að sunnan rís hár gróinn bjalli, Ekra.

Tóftin er 6 x 5 m stór, snýr norðaustur-suðvestur og er mjög sigin. Hún er á smábjalla og myndar klettur norðausturvegg hennar. Veggir eru um 1 m breiðir og hleðsluhæð 0,4 m, ekki sést grjót í hleðslum. Suðvesturgafi er óglöggur en op er á honum til norðvesturs. Fremur bratt er niður af tóftinni á alla vegu. Samkvæmt Hrafnkatli Helgasyni voru þarna fjárhús eða lambhús.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Hvolsvöllur athugasemdir, 1**RA-255:008** heimild um útihús

63°45.175N 20°12.656V



Inn á túnakorti frá 1917 er merkt útihús um 100 m norðaustur af bæjarstæði 001 og u.þ.b. 130 m norðaustur af kirkjunni 002.

Húsið hefur staðið efst á Bjallanum ofan bæjar. Þar er grasi gróið.

Ekki sést til fornleifar. Nú steinsteypt mannvirki, einhverskonar vatnsveita eða geymir, þar sem tóftin stóð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1917**RA-255:009** Fornufjós tóft fjós

63°45.224N 20°12.739V

Inn á túnakorti frá 1917 er merkt útihús um 170 m norður af bæjarstæði Stórolfshvols 001. Þar er tóft í brekkurótum, norðan við mynni Fjósadals. Í örnefnaskrá Hvolsvallar og umhverfis segir: "Næsti klettur [við Hádegisklett, eyktamark frá Króktúni RA-260] heitir Hrafnabjalli. Sunnan við hann er djúpur dalur, sem heitir Fjósadalur."

Tóftin er í grasi gróinni brekku suðvestan undir Hrafnabjalla.

Þarna var fjós samkvæmt Hrafnkatli Helgasyni. Í örnefnaskrá segir ennfremur: "Neðst í Fjósadal eru Fornufjós." Engar aðrar tóftir eru sjáanlegar neðst í Fjósadal. Tóftin er 7 x 5 m stór og liggur austur-vestur. Hún er einföld, að hluta til grafin inn í brekkuna og því er austurveggur að utanverðu óglöggur. Tóftin er að mestu byggð úr torfi en þó sést glitta á grjót. Op er syðst á vesturvegg. Íbúðabyggð er fyrirhuguð í Hvolstúni skv. aðalskipulagi, en svo heitir túnið milli Stórolfshvols og Króktúns, og er tóftin alveg í jafri svæðisins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 3**RA-255:010** Þinghóll heimild um þingstað

63°45.172N 20°12.690V

Í Frásögum um fornaldarleifar frá 1817-1823 segir: "Þinghóll er nefndur Hóll sá er stendur ofanverdt við Stórolfshvols Bæ vestannverdt við þann umtalada kornhusahol [RA-256:002] svoað lág ein skilur milli siast þar

Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni


einginn þau umspurdu kénimerki, þó fullhermt sie að þar hafi þing haldið verid firrum." Í Sýslu-og sóknalýsingum Rangárvallasýslu, segir: " Á túnhæðinni þar hjá [Gálgakletti] var og þingstaður og kallast þar Þinghóll." Í dag er nákvæm staðsetning Þinghólsins ekki kunn.

Hólamir vestur af Kornhól eru allir ávalir, smáþýfðir og grasi vaxnir.

Vestur af Kornhól er bjalli sem kallast Ekra og lág ein skilur á milli þeirra. Ekra er suðaustur frá bæjarstæði Stórólshvols 001. Vestan við Húsadal, ofan við bæjarstæði Stórólshvols 001, rís Bjallinn en vart er hægt að kalla Húsadal lág þó dalurinn sé hvorki breiður né langur. Bjallinn stendur hátt og af honum er mikið útsýni, Ekra stendur mun lægra. Kollur beggja þessara bjalla er flatur en smáþýfður og því ekki til fyrirstöðu að halda þar þing. Nú er ekki vitað hvar Þinghóll var og hvorki sér til fornleifa á Ekru né á Bjallanum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: FF I: Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823, 132-133; Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 3; SSR, 123



Kort af túni Þinghóls 1917

RA-255:011 Þinghóll bæjarstæði býli

63°45.187N 20°12.833V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 segir um hjáleiguna Þinghól, : "Sjetta hjáleiga frá Hvoli [001]. Hennar fyrstu bygð muna menn ekki." "Bærinn stendur sunnan í vesturenda Hvolshvalls, fyrstu bær til vinstri, þegar ekinn er Vallarvegur af Fljótshlíðarvegi. Þegar núverandi ábúandi keypti jörðina af Rangárvallarsýslu 1963, var tekið undan það land, sem tilheyrði jörðinni í Hvolsvelli og lagt undir grasmjólsværsmiðju ... Allt land Þinghóls eftir það er ekki nema 40 ha. Landið liggur niður frá bænum, niður að Hvolsgili beggja megin þjóðvegur austan við Sunnuhvol. Túninu hallar mót suðri, annars er landið mýrlent, en hefur verið ræst fram.", segir í Sunnlenskum byggðum. Bærinn stendur ofarlega í túni sunnan undir Hvolshvalli, 200 m í beinni loftlínu norðaustur frá Stórólshvoli 001.

Sléttáð tún er í kringum bæinn og hallar landi mót suðri. Umhverfi bæjarins er svipmikið því klettahjallar eru í Hvolshvallshlíðinni ofan bæjar.

Bærinn hefur verið stækkaður en elsti hluti hans (austasti) er að líkindum frá því kringum aldamótin 1900 og er það húsið sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Í kringum bæinn voru kálgarðar og heimreið beint í suður frá bænum, þar sem malarvegur liggur í dag. Sléttáð tún er allt í kringum bæinn, og þar sem kálgarðar voru áður eru

nú blómagarðar. Bæjarhóll er ekki sjáanlegur né nokkrar leifar eldri bæja. Um 40 m ofan og norðan bæjar er ávalur hóll í túninu, ekki er óhugsandi að eldra bæjarstæði gæti hafa verið þar þó ekkert sjáist til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:JÁM I, 219; SB IV, 496; Túnakort 1917

RA-255:012 *Djúpidalur* tóft+garðlag býli


63°48.485N 20°16.107V

"Djúpidalur var hjáleiga frá Stórólshvoli....og [eru] bæjartættur á hól nyrst í túnjaðrinum ...", segir í Sunnlenskum byggðum. Hvergi kemur fram í heimildum að núverandi bæjarstæði Djúpadals 030 hafi byggst upp þar sem gamla hjáleigan stóð. Tvennt mælir gegn því að svo hafi verið, í fyrsta lagi er núverandi bæjarstæði ekki í sjálfum dalnum og í öðru lagi er tættur í Djúpadal taldar vera gamlar bæjartóftir. Hinar meintu bæjartóftir eru rúmlega 500 m suðaustur frá núverandi bæjarstæði Djúpadals 030, í beinni loftlínu (engar tóftir eru nyrst í túnjaðrinum). Tóftirnar eru á bakka Eystri-Rangár nánast í dalsmynninu, í dalnum vestanverðum. Á dalbrúninni ofan tóftanna (80 m suðvestan þeirra) eru tóftir 017.

Á þurrum, grónum, smáþýfðum bökkum Eystri -Rangár. Ofan rústanna við rísa bakkar, grónir og fremur brattir. Eystri-Rangá hefur flætt yfir bakka sína og sér þess merki á landinu norðaustan tóftanna, þó áin renni u.þ.b. 20 m frá þeim.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709, segir: "Diúpedalur heitir í Stórólshvolandi, er

auðsjáanlegt að þar hefur bær verið, sjer glögt fyrir húsarústum og girðingum, ítem garði, er menn halda merkigarið verið hafa milli Stórólshvols og Djúpadals. Engin man að þessi jörð hafi byggð verið, meina menn hana eyðilagða fyrir í HDR. árum eða meir. Eignuð hefur hún verið kirkjunni að Stórólshvoli og þykjast nokkrir heyrt hafa dýrleika hennar nefndan x HDR. Líklegt þykir að jörðin hafi eyðilagst fyrir haga þrengsla á Hvoli, því nú er málnytu beitt á sumrum frá í þessu plátsi og verður ekki vel annarsstaðar. Djúpidalur kann ekki aftur að byggjast nema Stórólshvol til stórs skaða vegna aðþrengingar og jafnvel yrði sjálfur naumlegar byggilegur." Rúmlega öld síðar, eða árið 1829 komst hjáleigan aftur í byggð skv. Sýslu- og sóknalýsingum og hefur þá að líkindum byggst upp á gömlu tóftunum, a.m.k. segir: "Eyðiorð, uppbyggð...". SSR. Í Sunnlenskum byggðum segir: "Djúpidalur var hjáleiga frá Stórólshvoli, sem komin var í eyði fyrir aldamótin 1900, en var endurreist sem nýbýli 1924..." Á árbakka Eystri-Rangár eru tveir rústahólar og slitrótt garðlög í kring. Hólarnir liggja í suðaustur-norðvestur, samsíða árbakkanum. Allar hleðslur eru úr torfi. Norðvestari rústirnar eru glöggari, þær samanstanda af þrískiptri rúst, sem er 12 x 8 m að utanmáli. Hólfin snúa norðaustur - suðvestur, stærsta hólfið er 6 x 2 m að innanmáli með op suðvestast á norðvesturvegg. Aftan þess hólfs er smáhólf, u.þ.b. 3 x 3 m að innanáli. Samsíða stærsta hólfinu að suðaustan er 5 x 1 m langt hólf og er op á því inn í stærsta hólfið. Veggheðslurnar eru signar, 0,3 m háar. Suðaustari rústahóllinn er óglöggari en hinn. Í honum er dæld u.þ.b. 5 x 3 metrar og um hana ógreinilegur kragi, 0,1 m hár. Fremur bratt er niður af hólnum á alla kanta en garðlög liggja frá honum u.þ.b. 2 m til norðurs og 5 m til suðvesturs, eingöngu úr torfi eins og aðrar hleðslur. Garðlögin eru sigin en eru u.þ.b. 0,4 m há og 0,5 m breið. Beggja vegna rústahólanna eru garðlög, bæði að suðaustan og norðvestan. Hið suðaustara er nær hólunum U.þ.b.5 m frá honum og liggur óreglulega í norðaustur - suðvestur og sveigir að hólnum norðaustast. Garðlagið norðvestan hólanna er 8 m langur stúfur á miðjum bakkanum, 30 m frá rústahólunum. Bæði eru þessi garðlög sigin, 0,3 m há og 0,5 m breið, en hljóta að vera í samhengi við rústirnar og e.t.v. hluti gamals túngarðs. Áin brýtur af árbakkanum og sjást merki þess að hún hafi flætt að rústunum. E.t.v. er hluti mannvirkjanna horfin í ána.



yrði sjálfur naumlegar byggilegur." Rúmlega öld síðar, eða árið 1829 komst hjáleigan aftur í byggð skv. Sýslu- og sóknalýsingum og hefur þá að líkindum byggst upp á gömlu tóftunum, a.m.k. segir: "Eyðiorð, uppbyggð...". SSR. Í Sunnlenskum byggðum segir: "Djúpidalur var hjáleiga frá Stórólshvoli, sem komin var í eyði fyrir aldamótin 1900, en var endurreist sem nýbýli 1924..." Á árbakka Eystri-Rangár eru tveir rústahólar og slitrótt garðlög í kring. Hólarnir liggja í suðaustur-norðvestur, samsíða árbakkanum. Allar hleðslur eru úr torfi. Norðvestari rústirnar eru glöggari, þær samanstanda af þrískiptri rúst, sem er 12 x 8 m að utanmáli. Hólfin snúa norðaustur - suðvestur, stærsta hólfið er 6 x 2 m að innanmáli með op suðvestast á norðvesturvegg. Aftan þess hólfs er smáhólf, u.þ.b. 3 x 3 m að innanáli. Samsíða stærsta hólfinu að suðaustan er 5 x 1 m langt hólf og er op á því inn í stærsta hólfið. Veggheðslurnar eru signar, 0,3 m háar. Suðaustari rústahóllinn er óglöggari en hinn. Í honum er dæld u.þ.b. 5 x 3 metrar og um hana ógreinilegur kragi, 0,1 m hár. Fremur bratt er niður af hólnum á alla kanta en garðlög liggja frá honum u.þ.b. 2 m til norðurs og 5 m til suðvesturs, eingöngu úr torfi eins og aðrar hleðslur. Garðlögin eru sigin en eru u.þ.b. 0,4 m há og 0,5 m breið. Beggja vegna rústahólanna eru garðlög, bæði að suðaustan og norðvestan. Hið suðaustara er nær hólunum U.þ.b.5 m frá honum og liggur óreglulega í norðaustur - suðvestur og sveigir að hólnum norðaustast. Garðlagið norðvestan hólanna er 8 m langur stúfur á miðjum bakkanum, 30 m frá rústahólunum. Bæði eru þessi garðlög sigin, 0,3 m há og 0,5 m breið, en hljóta að vera í samhengi við rústirnar og e.t.v. hluti gamals túngarðs. Áin brýtur af árbakkanum og sjást merki þess að hún hafi flætt að rústunum. E.t.v. er hluti mannvirkjanna horfin í ána.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir:SB IV, 525; JÁM I, 216; SSR, 127

RA-255:013 *Gálgaklettur* heimild um aftökustað

63°45.219N 20°12.565V

"Þess má geta að við túnfótinn, rétt ofan við bæinn, eru tveir stakir klettur með geil á milli. Sagnir herma, að þetta sé forn aftökustaður, enda eru klettarnir kallaðir Gálgaklettur.", segir í Sunnlenskum byggðum. "Rétt hjá Skráp eru tveir stórir og háir klettur, sem heita Gálgaklettur, og er sagt, að séu forn aftökustaður sakamanna.", segir í örnefnalýsingu. Gálgaklettur blasa við norðan bæjar þegar komið er heim að Þinghóli og setja sterkan svip á bæjarstæðið. Þeir eru u.þ.b. 60 m norðvestur frá Þinghólsbæ 011.

Klettarnir eru í rótum Hvolsfjalls sunnan til. Allt í kring er gróið og lindin úr Skrápi rennur austan klettanna.

"Við Stórólshvol, kunnan þingstað, eru Gálgaklettur, og fleiri örnefni eru þar athugandi í nánd. Jarðirnar



Gálgaklettur til vesturs. Lindin úr Skrápi (RA-255:013) rennur milli steinanna

Lynghagi og Þinghóll er báðar upphaflega byggðar úr Stórólshvolssandi. Um Lynghaga segir: Örnefni er ... "Drápubakki, sem er sandklapparbakki við Eystri - Rangá... frá þessum bakka skerst dálítið gil inn í landið, Aftökugil." Og hvað varðar Þinghól: "Rétt ofan við bæinn eru tveir stakir klettur með geil á milli. Sagnir herma, að þetta sé forn aftökustaður, enda eru klettarnir kallaðir Gálgaklettur. Í gamalli sóknarlýsingu Stórólshvolssóknar, er einnig minnst á tvo háa kletta "milli hvorra tré var til forna lagt og sakamenn hengdir, kallast þar nú Þinghóll." "Í febrúarmánuði 1756 lét Þorsteinn Magnússon sýslumaður hengja tvo þjófa á Stórólshvoli, vafalaust í Gálgaklettum - að því virðist andstætt þágildandi landslögum, sem ekki gerðu lengur ráð fyrir aflifun þjófa nema í algerum undantekningartilvikum...Hafa þetta þá verið hinar síðustu hengingar, sem fram fóru hérlendis, ásamt hengingu sama ár í Þingeyjarsýslum og e.t.v. í Lambey (Rang)," segir í bók Páls Sigurðssonar, Svipmyndir úr réttarsögu. Þórður Tómasson segir í athugasemdum við örnefnaskrá Hvolsvallar: "Sagt er, að þvertré hafi verið lagt milli Gálgakletta, er þar voru hengdir sakamenn." Klettarnir eru tveir háir standklettur með geil í milli. Geilin milli klettanna snýr suðaustur - norðvestur, hún er 3 metra breið við norðvesturenda en 0,5 metrar við suðausturendann. Fyrir framan suðausturendann er steinsteypt bað fyrir fé, en um tíma var geilin milli klettanna notuð sem renna til að reka fé í baðið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SB IV, 496; Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 3; Ö-Hvolsvöllur athugasemdir, 1; SSR, 123; Páll Sigurðsson. Svipmyndir úr réttarsögu, 239-240

RA-255:014 *Skrápur* heimild um vatnsból 63°45.219N 20°12.557V

"Út úr litlum skúta örstutt frá þeim [Gálgaklettum] kemur uppsprettulækur sá er Skrápur heitir, og var hann um árabíl notaður fyrir almenningavatnsveitu, þótt hann þorni í langvarandi þurrkum. Skútinn sem Skrápur kemur úr, er nú mjög samansiginn, en í Sóknarlýsingu 1839 er þess getið að hann sé þá gild mannhæð, en hafi áður verið miklu hærri.", segir í Sunnlenskum byggðum. Skrápur er ofan bæjarstæðis Þinghóls og sprettur fram undan fjallinu í hellisskúta. Gálgaklettur 015 eru fast vestan við og er Skrápur u.þ.b. 60 m norðvestan við Þinghólsbæ 011.

Skrápur sprettur fram úr hellisskúta í hlíðarrótum Hvolsvjalls. Allt í kringum um Gálgakletta, við Skráp og meðfram lindinni sem úr honum rennur er grasi gróið.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 segir: "Vatnsból er hjer mjög lítið og þrýtur tíðum í þurkum og frostum, er þá mjög örðugt og langt í vatn." "Uppsprettulækur nokkur, kallaður Skrápur, fellur undan Hvolsvjalli framanverðu niður hjá bænum Stórólshvoli undan helliskúta fram af bergi. Er skútinn nú gild mannhæð, en áður skyldi hann hafa verið miklu hærri. Lækurinn er ei meir en svo að hann þornar upp í miklum sumarþurrkum og frostavetrum, en vatn hans er einkar heilnæmt. Framan við skútann eru standklettur háir, milli hvorra tré var til forna lagt...kallast Gálgaklettur", segir í Sýslu- og sóknalýsingu Rangárvallasýslu. Munnhiellisins er um 6 m breiður, rúmlega 1 m á hæð og nokkuð djúpur. Í skútanum er steinsteypt ker sem er hluti af mannvirkjum vatnsveitunnar en vatn var tekið úr Skrápi um árabíl fyrir byggðina í kring.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SB IV, 496; SSR, 123; JÁM I, 217

RA-255:015 *Fagrabrekka* þjóðsaga huldufólksbústaður 63°45.176N 20°12.711V

Milli Bjallans og Fjósadals (sjá Fornufjós 009) er Fagrabrekka. Þar átti að búa huldufólk.

Grasi gróin brekka og í henni vex ilmreyr. Klettabelti Bjallans er sunnan við brekkuna.

Að sögn Hrafnkels Helgasonar, sem ólst upp á Stórólshvoli, var börnum bannað að leika sér þarna þar sem trúað var að þar byggi huldufólk. Fólk kom víða að til að týna ilmreyr í brekkunni, sjálfsgat til að leggja í fatakistur sínar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-255:016 *Ormsvöllur* garðlag áveita 63°44.485N 20°12.954V

"Sunnan við [Garðsauka]lækinn var bær fram undir 1920, Ormsvöllur 044 og stóð hann í hinum þjóðkunna Ormsvelli," segir í örnefnaskrá. Ormsvöllur er völluminn handan Garðsaukalækjar u.þ.b. 250 m sunnan við Götu RA-257. Við lækinn, beint suður frá Götu er gömul mannvirki við lækinn og garðlög á völluminn enn sunnar. Að sögn Hrafnkels Helgasonar sem ólst upp á Stórólshvoli eru þetta áveitumannvirki.

Þýfðir móar, mosagrónir, eru suður frá Garðsaukalæk. Svæðið er ósléttað, notað sem beitahólf fyrir hesta og er mikið raskað. Sumarbústaður er sunnan við lækinn.



Horft til suðvesturs, Garðsaukalækur við enda „stokksins“?

Frásögum um fornaldarleifar, hér að framan. Frá grófinni og læknum liggur slitrótt garðlag, 0,3 m hátt garðlag 200 m í suður, við það austanvert er eins og grunn renna, 4 m breið og sést hún u.þ.b. 70 m til suðurs. Garðalagið kemur á miðjan þvergarð sem er u.þ.b. 130 m langur og liggur austur - vestur. Þvergarðurinn er u.þ.b. 0,3 m há. Hafa verður í huga að svæðið er mjög raskað og e.t.v. leynast víðar garðlög á Ormsvelli.

Hættumat: hætta, vegna ágangs

Heimildir: SB IV, 291; Frásögur um fornaldarleifar I, 133

Á Ormsvelli á Ormur Stórolfsson að hafa slegið af þúfurnar og eftir það varð völlurinn sléttur. Í Frásögum um fornaldarleifar frá árinu 1818 segir: "Eingin kennimerki fæ eg séd til þúfna sláttar Orms Stórolfssonar á Ormsvelli þó trúlegt sinist að hann hafi á annan hatt slettur verið að nockrum parti, því enn er af honum slétt gott sticki beggiameginn Veitustocks og líklegt að þufur kinnu að hafa verid bornar samann í þá tvo hola er spol hvor fra odrum standa á slettunni austanmegin stocksins. umgirdur hefur hann allur verið." Samkvæmt þessu hafa verið þekkt áveitumannvirki við lækinn á 19. öld. Einskonar skurður eða gróf, með garðlög sitthvoru megin, 0,5 m há, liggur frá læknum til suðvesturs, að sumarbústaðnum. Grófin er u.þ.b. 6 m breið við lækinn en mjókkar er dregur lengra til suðausturs, að sumarbústaðnum. Grófin er u.þ.b. 50 m löng. Hugsanlega er þetta stokkurinn sem talað er um í

RA-255:017 tóftir fjárhús


63°46.423N 20°12.188V

"Djúpidalur var hjáleiga frá Stórolfshvoli....Gamlar fjárhústættur frá Stórolfshvoli eru á dalbrúnninni...", segir í Sunnlenskum byggðum. Rúmlega 500 m suður frá núverandi bæjarstæði Djúpadals 030 og 3,7 km norðaustur frá Stórolfshvoli 001 eru tóftir á dalbrúnninni.

Grasi vaxinn þurr mói er á Brúnum ofan Eystri-Rangár.

Á svæði sem er 45 x 35 m er ein stór fjárhúsleg tóft og norður af henni eru 3 hringlaga tóftir, líklega heystæði. Allar eru tóftirnar eingöngu úr torfi. Tóftunum verður lýst frá suðri til norðurs og þeim gefnir bókstafir til aðgreiningar. Stóra fjárhúslega tóft D snýr suðaustur-norðvestur, er 16 x 5 m stór og eru veggir u.þ.b. 0,5 m háir. Tóftin stendur á smáhæð og eru 2 metrar frá tóftarveggjum niður í móann í kringum mannvirkið. Mikil þykkt er í tóftinni upp við langveggi nema suðaustast. Smárás eða renna er

eftir tóftinni endilangri. Tóft A er 20 m norðaustur af tóft D. Hún er 5 x 2 m stór og er mjög sigin, 0,2 m há. Um hana er að hluta er siginn hringlaga garður, sem er 7 m í þvermál en hann er opinn eða rofinn til norðvesturs. Tóft B er 30 m norður frá tóft D. Tóft B er hringlaga og er 4 m í þvermál en í miðju hennar er önnur tóft 1,5 x 1 m stór. Hún er ferhyrningslaga og snýr norðvestur-suðaustur. Hæð tóftarinnar eru 0,5 m. Tóftin inni í hringnum stendur betur en hringhleðslan. Ekkert op er á tóftinni. Tóft C er svipuð tóft B. Tóft Hún er u.þ.b. 40 m frá fjárhúslegu tóftinni D og rúmlega 5 m frá tóft B. Tóft D er 5 m í þvermál og í henni lítill, ferhyrmd tóft, 1 x 2 m stór sem snýr suðvestur-norðaustur. Hleðsluhæð er um 0,4 m. Ekkert op er sjáanlegt. Í kringum tóft A er líklegt



Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni

að hafi verið tóftir og garðlög sem nú er alveg hrunin og hlaupin í þúfur. Mjög líklegt er að þær tóftir sem raða sér Brúnir (sjá 037, 038, 041, 042 og 043) og á bakka Miðöldu (025) séu beitarhús og heystæði í kring. Á vellinga sjálfa virðist ekki hafa verið byggð útihús en þeim raðað í jaðar þeirra

Hættumat: engin hættu

Heimildir:SB IV, 525

RA-255:018 þúst útihús

63°45.162N 20°12.616V

Á túnakorti Þinghóls frá 1917 er sýnt útihús í túnjaðri u.þ.b. 80 m frá Þinghólsbæ 011. Þar er sést nú ekki tóft en staðsetningu útihússins má greina þar sem lítil dæld, grænni en sinan í kring, er á þeim stað, rétt utan við núverandi túnjaðar.

Grasi gróin órækt utan sléttaðs túnsins, mikil sina er á þessum slóðum.

Dældin er u.þ.b. 3 x 3 m stór. Túngarðsstubbur, hluti af garðlagi 022 er rétt vestan við.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

RA-255:019 Hellir hellir fjárhús

63°46.558N 20°16.473V

"...bæjartættur [eru] á hól nyrst í túnjaðrinum og sagnir eru um að þar sé hellir, sem nú er lokaður og átti að vera fyrir 50 kindur", segir í Sunnlenskum byggðum. Hellirinn er u.þ.b. 120 m suðaustur frá núverandi bæjarstæði Djúpadals 030, þar sem hólaröð gengur eftir túninu til vesturs, frá ánni. Þar sem hellirinn stór er eins og hólarnir séu tveir, annar er norðvestar en hinn suðaustar. Hugsanlega er dældin milli þeirra tilkomin þar sem hellirinn hefur sigið saman. Tóft 052 er á syðri hólakollinum.

Rangá eystrir rennur norðaustan við samanfallið mynni hellisins. Hóllinn sem hellirinn er innan sléttaðs túns Djúpadals 030. Sjálfur hóllinn er þó ósléttaður.

Í Sýslu-og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Í móberg hefur ábúandinn á Stórolfshvoli fyrir nökkrum (10) árum látið klappa fjárhellir hjá bænum Djúpadal við Eystri-Rangá, hér um 600-700 kvaðratfet." "Kringum 1930 eða nokkru fyrr voru þeir feðgar [Sigursteinn Þorsteinsson og sonur, í Djúpadal] við torfskurð á hæðinni fyrir innan bæinn við Eystri-Rangá. Þeir misstu þá skyndilega skóflu niður í jörðina og var þar fyrir holrými. Þetta reyndist þá vera lokaður hellir. Hann var merkilegur að því leyti að jata var hlaðin úr blágrýti, og engin timburfjöl þar. Jata þessi var við vegginn öðrum megin og virðist þeim að þar væri rúm fyrir 10-15 kindur. ... Jörðin Djúpidalur hafði verið í eyði um 60 ár þegar Sigursteinn flutti þangað. Á hæðinni fyrir innan bæinn, í nánd við hellinn voru miklar bæjarrústir [líklega átt við 017, hér taldar fjárhúsrústir], fjárborgir úr grjóti [ekki vitað] og garðar hlaðnir úr torfi [mjög líklega átt við garðlögina miklu 040]," segir í bókinni um Manngerða hella á Íslandi. Mynni hellisins er nú fallið saman en það átti að snúa niður að ánni, til norðausturs. Þar sem opið á hafa verið er vik í hólinn og upp og suður af því dæld í hólinn. Á hólnum, syðri bungunni, er óljós þúst og garðlag milli hólakollanna, allt orðið mjög sigið, mjög líklega í samhengi við fjárhellinn.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir:SB IV, 525; Árni Hjartarson. Manngerðir hellar, 224; Eyjólfur Guðmundsson: "Ritgerð um hella í Rangárvallasýslu", 61-62; SSR, 121

RA-255:020 heimild um herminjar

63°46.656N 20°16.695V

"Á styrjaldarárunum síðari voru þar [í Djúpadal] herskálar og setulið", segir í Sunnlenskum byggðum. Kampur var áður um 90 m norður af núverandi bæjarstæði Djúpadals 030 á bökkum Rangár eystri. Kampurinn var á eyri, sem er norður frá brúarsporði gömlu brúarinnar.

Þurrir valllendisbakkar eru með ánni.

Í bók Guðmundar Kristinssonar, Styrjaldarárin á Suðurlandi segir: "Á austurbakka Eystri-Rangár er býlið Djúpidalur, norðan við brúarsporðinn. Þar bjuggu þá hjónin Sigursteinn Þorsteinsson skósmiður og Guðrún Vigfúsdóttir...Mánudaginn 26. maí 1941 kom eitt riffil platonn úr 1/6 Duke of Wellington Regimenti, um 40 menn, að Djúpadal og gengu norður að bænum...Þeir söguðust ætla að setjast þar að og koma þar upp nokkurs konar áningarstað á leiðinni til herstöðvarinnar í Vík í Mýrdal. Þeir tóku kjallarann traustataki og bjuggu þar um sig. Fljótlega reistu þeir tjöld á flötinni fyrir framan fjósið og reistu um sumarið fimm bragga á árbakkanum norður af brúarsporðinum. Fjórir voru til íbúðar, en sá nyrsti var birgðabraggi og eldhús...Haustið 1940 komu einir 50-60 bandarískir að Djúpadal og leystu Bretu af hólmi. Þeir lögðu af brúarvörzluna en reistu háan turn við einn braggann og höfðu þar stöðugt menn á verði til að fylgjast með flugumferð. Um sumarið hafði oft orðið vart við þýzkar flugvélar, og um haustið flaug ein mjög lágt yfir Djúpadal. Þeir settu upp litla loftvarnarbyssu á steypum grunni fyrir vestan ána, rétt norðan við þjóðveginn og reistu bragga, þar sem þeir geymdu skotfæri...Braggarnir að Djúpadal voru seldir 12. janúar 1945." Ekki sjást lengur merki hermannvirkjanna utan steinsteypubrota í jörðinni eftir gólfín.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir:SB IV, 525; Guðmundur Kristinsson. Styrjaldarárin á Suðurlandi, 235-238

RA-255:021 *Borgardalur* tóft fjárskýli

63°46.520N 20°15.583V

"Næsta nes þar suður af [Lónslækjarnesi] heitir Borgardalur. Þar suður af, hjá brúnni og þjóðvegi, er Djúpadalur ...", segir í örnefnaskrá. Milli Djúpadals og Borgardals myndast nes. Borgardalsmegin á nesinu er stór hringlaga tóft. Hún er 440 m ANA frá rústahólunum 012 í Djúpadal og 900 m ASA frá núverandi bæjarstæði Djúpadals 030. Norðan tóftarinnar er hár strýtumyndaður, grasi gróinn hóll og milli hólans og tóftarinnar er mikill garður, þvergarður 054.

Grónir og þurrir móar eru í hlíðarrótum, þar sem tóftin er. Eyrarnar niður að Rangá eru grasi grónar og sléttar.

Svæðinu verður lýst frá norðvestri til suðausturs. Fyrst er að telja einkennilegan, strýtulaga hóll sem er norðvestast á svæðinu. Hann er allur í stöllum (líklega eftir fé), iðagrænn og sker sig úr landslaginu. Á honum eru engar óyggjandi tóftir. 50 m

suðaustan hólans er stór skál í jörðina með signu garðlagi í kring. Dældin, sem að öllum líkindum var fjárborg, er 14 m í þvermál og eru u.þ.b. 0,5 m niður í botn hennar ofan af veggjunum. Hún er niðurgrafin en hleðsluhæð að utanverðu er aðeins 0,2 m. Ekki sést móta fyrir opi. Milli hólans og fjárborgarinnar er mikið og áberandi garðlag 054 sem gengur til austurs ofan úr hlíðinni. Garðlagið gengur niður á eyrina og hverfur þar. U.þ.b. 30 m ANA frá fjárborginni gengur slitróttur, fremur lágur garður 039 til suðvesturs með hlíðarlögginni. Garðlagið mikla 054 sem gengur frá brúninni og niður á eyrina er að líkindum þvergarður á garðlögum 040 sem eru á Brúnum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 2, 4



Horft til NA. Eystri-Rangá í baksýn.

RA-255:022 garðlag landamerki

63°45.234N 20°12.450V

Landamerkjagarður er allt í kringum Þinghólsbæ 011 (nema að sunnanverðu og suðvestanverðu). Garðurinn markar land á mótum Miðhúsam í austri og Stórolfshvols í vestri og Króktúns í norðri. Á merkjum Þinghóls og Miðhúsa er garðurinn u.þ.b. 110 m norðaustur frá bæjarstæði Þinghóls 011. Garðurinn er sýnilegur frá þjóðvegi suðaustan bæjar 011 og að steini, uppi á fjalli. Steinninn er landamerki milli Þinghóls, Miðhúsa og Króktúns. Frá steininum liggur svo garðlagið niður að bæjarstæði Króktúns RA-260. Þar greinist garðlagið (RA-260:004) og heldur annarsvegar áfram niður hlíðina við heimreið Króktúns en hinsvegar í beina stefnu suður ofan Hrafnakletts (sjá tóft 009 sem er neðan klettsins) þvert gegnum Fjósadal og yfir Bjallann. Slittrur úr garðinum má greina í vesturjaðri Þinghólstúns. Þar er garðurinn 90 m suðvestur frá Þinghólsbæ 011.

Sléttuð tún eru beggja vegna garðsins milli Þinghóls og Miðhúsa en þar sem garðurinn liggur í Hvolsfjalli er grasi gróið og þýft. Í kringum Króktún er nú órátt og sömu sögu er að segja um þann spotta sem liggur til suðausturs frá Króktúni.

Garðurinn er að jafnaði 1 m á breidd, siginn og girðing er víða á honum. Hleðsluhæð er um 0,6 metrar og er hann eingöngu hlaðinn úr torfi.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 2

RA-255:023 garðlag vörslugarður

63°45.922N 20°11.717V

Norðast í vesturhlíðum Hvolsfjalls, milli Hvolsrétta 034 og Kaldabrunns 023, er garðlag. Staðurinn er u.þ.b. 1,7 km NNV frá Stórolfshvoli 001, í beinni loftlínu.

Hlíðar Hvolsfjalls eru grasi grónar og fremur brattar.

Garðlagið er 15 m langt, 0,5 m breidd og 0,4 m á hæð. Það liggur suðvestur-norðaustur og er eingöngu úr torfi. U.þ.b. 15 m norðvestur (og neðar í hlíðinni) virðist vera annað garðlag, u.þ.b. 6 m langt og sigið en hlíðin er stölluð á þessum slóðum og gæti það því aðeins verið þúfnahlaup.

Hættumat: engin hættu

RA-255:024 *Kaldibrunnur* lind vatnsból

63°45.915N 20°11.578V

"Norðast í vesturhlíðum Hvolsfjalls eru Nónsteinar. Þá er lítil lind norðan við almenningarréttirnar [034] sem heitir Kaldibrunnur", segir í örnefnalýsingu. "Þar var sótt vatn er það þraut í Skrápi", segi í athugasemdum Þórðar Tómassonar við örnefnaskrá Hvolsvallar. Kaldibrunnur er lind sem sprettur fram undan klettum í Hvolsfjalli, u.þ.b. 340 m vestan almenningsrétta. Svokallaður Öldubotnar (þar sem Hvolsalda, sem liggur til vesturs alla leið að Móeiðarhvoli, byrjar) eru á flatlendinu neðan uppsprettunnar. Kaldibrunnur er u.þ.b. 1,7 km NNA frá Stórolfshvoli 001.

Hlíðar Hvolsfjalls eru grónar. Neðan hlíðarinnar er mýrlend sletta við brekkurætur.

Kaldibrunnur er smá spræna sem rennur niður úr fjallinu til norðurs. Úr brunnum er tekið vatn í sumarbústað

Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni

sem er milli réttarinnar og brunnsins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 2; Athugasemdir við örnefnaskrá Hvolsvallar, 1


RA-255:025 tóftir beitarhús

63°45.741N 20°14.122V

Um 360 m norðvestan Króktúns RA-260:001, á suðausturbakka Miðöldu er tóftaþyrping. Þar voru fjárhús frá Þinghóli 011, notuð fram yfir miðja 20. öld, að sögn Hrafnkels Helgasonar, sem ólst upp á Stórólfsvoli. Tóftirnar eru 1,7 km norðvestur frá Þinghóli.

Tóftirnar eru á bakka Miðöldu, sem er gróf, sem liggur til suðausturs yfir Þjóðveg 1. Á bakkanum og áfram suðvestur af tóftunum eru en smáþýfðir lyngmóar. Gaddavirsgirðing, sem er um leið mörk aðalskipulagssvæðis, liggur norðvestur-suðaustur, norðaustan við tóftirnar og hefur trjám verið plantað upp við hana. Trjáræktin er þó enn talsvert suðaustan við tóftirnar. Handan girðingarinnar er sléttað tún.

Á þessu svæði eru samtals 7 tóftir, allar úr torfi eingöngu. Þær eru á svæði sem er u.þ.b. 55 x 55 m stórt og mesta hleðsluhæð tóftanna er 1 m. Vegslóði liggur af sléttunni, gegnum miðja þyrpinguna og niður í Miðölduna.



Slóðinn liggur suðvestur - norðaustur. Syðst á svæðinu, í móanum er tvískipt tóft A. Hún er 7 x 7 m stór og eru hólfin jafnstór, 6 x 6 m. Tóftin er alveg opin til norðurs, e.t.v. hafa verið timburþil í norðurvegg. Tóftin er sigin og veggir mjóir, 0,3 m. 7 m norður af tóft A er tóft B á rústahól og er gerði við hana að vestanverða. Hún er sporöskulaga 7 x 5 m stór snýr suðvestur - norðaustur og í hana er sporöskjulaga dæld. Gerðið er 3 x 5 m stórt (tóftin er því alls 11 x 5 m). Veggir gerðisins eru mjög signir, vart nema 0,2 m. Tóft B stendur hæst og er mest áberandi af tóftunum á þessu svæði. Bratt niður af hólnum sem hún stendur á. Tóft C er 7 m austan við tóft B, og eru samsíða garðlög með dæld á milli sín, milli B og C. Milli garðanna eru 4 m og eru þau hvort um sig 0,5 x 7 m löng, mjög signir, e.t.v. heygardur? Tóft C er á

hól og er sporöskulaga, 6 x 5 m stór en dæld er í hana austast. Bratt er niður af henni. 5 m norður af C og 8 m norðaustur af A er tóft D sem er einnig á hól. Hún er einföld, ferköntuð 10 x 5 m að stærð og snýr norðvestur - suðaustur. Hleðslur hennar eru signar, 0,3 m háar. Bratt er niður af henni. Milli B og D er óljós dæld og vegarslóðinn fyrrnefndi liggur norðvestan við þessar tvær tóftir. 10 m norðvestur af D, handan vegarslóðans - á öldubakkanum, er hringlaga tóft E. Hún er á smáhól og er 3 m í þvermál, ekkert op sjáanlegt. 12 m suðvestur af E er önnur hringlaga tóft, F. Hún er einnig á lágum hól og er 5 m í þvermál, og eru hleðslur hennar signar. 8 m vestur af F er svo síðasta tóftin, G. Hún er einnig hringlaga, einföld og á smáhól og er 4 m í þvermál. Ekkert op sjáanlegt. Hringlaga tóftirnar (E, F og G) eru að líkindum heystæði en tóft A og jafnvel B og D leifar fjárhúsa. Hlutverk C gæti líka verið heystæði og garðlög milli B og C verið heygardur. Mjög líklegt er að þær tóftir sem raða sér Brúnir (sjá 017, 041, 042 og 043) og þessi hér á bakka Miðöldu séu beitarhús. Á vellina sjálfa virðist ekki hafa verið byggð útihús en þeim raðað í jaðar þeirra

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 3

RA-255:026 Heygarðsbjalli heimild um heygard

63°45.166N 20°12.736V

"...djúpur dalur, heitir Fjósadalur [sjá Fornufjós 009], þá [sunnar] Heygarðsbjalli.", segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt örnefnalýsingu er Heygarðsbjalli norðarlega í Bjallanum sem er ofan Stórólfsvolva. Hrafnkell Helgasonar, sem ólst upp á Stórólfsvoli, kannast ekki við örnefnið en hinsvegar var heygardur norðan við útihús 006 og gæti bjallinn hafa verið nefndur Heygarðshjalli þess vegna, a.m.k. um tíma. Heygardurinn var u.þ.b. 60 m norður af bæ 001.

Grasi gróið er norðvestan undir Bjallanum en fast sunnan við er malarborið plan, sem er á norðanverðu bæjarstæðinu (sjá 001).

Öll ummerki um heygardstóftina eru horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 3

RA-255:027 heimild um útihús 63°45.137N 20°12.654V

Á túnakorti Þinghóls frá 1917 er sýnt útihús u.þ.b. 120 m suðvestur frá Þinghólsbæ 011.

Húsið var þar sem nú eru sléttuð tún Þinghóls.

Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

RA-255:028 *Þinghólsgil* bæjarstæði býli 63°45.053N 20°12.299V

Hjáleigan Þinghólsgil var norðan við Hvolsgil neðan Þinghólsbæjar 011, en nákvæm staðsetning er ekki lengur kunn.

Norðan Hvolsgils er blautt og þýft og mikið af móröfum næst gilinu.

Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Þinghólsgil. Hjáleiga og nýbýli frá Stórólshvoli, byggt 1839." Á uppdrætti af Stórólshvols- og Sigluvíkursóknum í Sýslu- og sóknalýsingum Rangárvallasýslu er Þinghólsgil staðsett norðan við bakka Hvolsgil, beint niður af Þinghóli. Í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 er Þinghólsgil ekki talið með hjáleigum Stórólshvols. Af því má ráða að búskapur hafi ekki staðið lengi. Ekki sér til bæjarstæðisins í þýfinu norðan Hvolsgils.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:SSR: 128-129; JJ, 35

RA-255:029 þúst óþekkt 63°44.779N 20°12.929V

1,3 km suðvestan við Stórólshvol 001, vestan Þjóðvegur 1, er þúst. Hún er norður af hlöðu sem stendur u.þ.b. 400 m suður frá veitingaskálanum Hlíðarenda við Austurveg 3.

Bletturinn norður af hlöðunni er ósléttuð þýfður mói. Vestan bletsins er sléttuð tún.

Þústin er 4 x 4 m stór og 0,5 m há, og líkist hún öðrum rústahólum víða á svæðinu þar sem útihús hafa áður staðið. Ekki sést móta fyrir dæld né veggjum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-255:030 *Djúpidalur* bæjarstæði býli 63°46.612N 20°16.660V

"Djúpidalur var hjáleiga frá Stórólshvoli, sem komin var í eyði fyrir aldamótin 1900, en var endurreist sem nýbýli 1924...Bærinn stendur skammt frá ánni um 70 m frá Þjóðvegi", segir í Sunnlenskum byggðum. Ekki er vitað hvort bærinn hafi verið endurbyggður árið 1924 á sama stað og bærinn sem fór í eyði fyrir aldamótin 1900, og reyndar ólíklegt að svo hafi verið. Hér er skráð núverandi bæjarstæði Djúpadals, sem er u.þ.b. 4 km norðvestan við Stórólshvolsbæ 001.

Miklar byggingar eru á bæjarstæðinu og í kringum það, sláturhúsbyggingar niðri við ána, verkstæði, útihús og steinsteypt íbúðarhús. Ofan bæjar eru slétt tún, handsléttuð að sögn ábúanda í Djúpadal.

1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709, segir: "Djúpidalur heitir í Stórólshvolslandi, er auðsjáanlegt að þar hefur bær verið, sjer glögt fyrir húsarústum og girðingum, item garði, er menn halda merkigard verið hafa milli Stórólshvols og Djúpadals. Engin man að þessi jörð hafi byggð verið, meina menn hana eyðilagða fyrir í hdr. árum eða meir. Eignuð hefur hún verið kirkjunni að Stórólshvoli og þykjast nokkrir heyrt hafa dýrleika hennar nefndan x hdr. Líklegt þykir að jörðin hafi eyðilagst fyrir haga þrengsli á Hvoli, því nú er málnytu beitt á sumrum frá í þessu plátsi og verður ekki vel annarsstaðar. Djúpidalur kann ekki aftur að byggjast nema Stórólshvol til stórs skaða vegna aðþrengingar og jafnvel yrði sjálfur naumlegar byggilegur." "Djúpidalur var hjáleiga frá Stórólshvoli. Bæjartóftir eru á hól nyrst í túnjaðrinum og sagt er að þar sé hellir sem tók 50 kindur, en er nú lokaður, segir í Sunnlenskum byggðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:DI; JÁM I, 216; SB IV, 525; Manngerðir hellar, 224; Eyjólfur Guðmundsson: "Ritgerð um hella í Rangárvallasýslu", 61-62

RA-255:031 heimild um útihús 63°45.185N 20°12.621V

Á túnakorti Þinghóls frá 1917 er sýnt útihús 60 m vestsuðvestur frá bæ 011, í túnjaðri.

Staðurinn þar sem útihúsið stóð er nú rétt utan sleginna túna.

Þegar núverandi ábúendur á Þinghóli komu á staðinn 1962 voru víða útihúsruðir í túnjaðri, sem nú hafa verið sléttuð í túnið eða rifnar. Ekki sést til fornleifar nú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

RA-255:032 tóft+garðlag hesthús 63°45.216N 20°12.551V

Um 60 m norður af Þinghólsbæ 011 og 10 m suðaustur af Skrápi 014 er tóft og garðlag.


Í hlíðarrótum er grasi gróið og þýft en sléttuð Þinghólstúnið neðan við. Lindin úr Skrápi rennur um 3 m vestan

Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni

tóftarinnar.


Ofan úr hlíðinni gengur 7 m garðlag til suðurs niður að tóftinni sem er 6 x 4 m stór. Tóftin er einföld, eingöngu torfhláðinn og snýr austur-vestur og er op vestarlega á suðurvegg og við það er stórt hjarg. Veggir tóftarinnar eru u.þ.b. 0,4 m háir. Tóftin er af hesthúsi skv. núverandi ábúendum á Þinghóli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



RA-255:033 tóft óþekkt

63°45.853N 20°12.036V



"Norðast í vesturhlíðum Hvolsvfjalls eru Nónsteinar. Þá er lítil lind norðan við almenninguréttirnar 034, sem heitir Kaldibrunnur 024," segir í örnefnaskrá. Tóft er um 15 m vestur frá réttinni.


Á svæðinu er þurr mói er í þurru móa, þýft er í kringum réttina. Tóftin er á hól sem er u.þ.b. 0,8 m hár. Hún er einföld, 9 x 6 m stór og snýr vestur-austur og er op á vesturgaffli. Vegghæð er u.þ.b. 0,2 m. Hún er líklega í tengslum við réttina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-255:034 Hvolsrétt hleðsla rétt

63°45.861N 20°11.979V

"Norðast í vesturhlíðum Hvolsvfjalls eru Nónsteinar. Þá er lítil lind norðan við almenninguréttirnar, sem heitir Kaldibrunnur 024," segir í örnefnaskrá. Réttin er um 340 m suðvestan við Kaldabrunn 024. Hún er í hlíðarrótum neðan Hvolsvfjalls í aflíðandi halla mót norðri. Sumarbústaður er austan við réttina og Aldan, sem gengur í gegnum Hvolsvöll norðan við hana.



Réttin er í þurru móa, þýft er í kringum hana.

Réttin er hringlaga, 26 x 22 m, þar af er almenningurinn 8 x 8 m í þvermál og dilkarnir hverfast um almenninginn, 7 m á lengd en mismunandi breiðir. Útveggir eru hlaðnir úr hraungrýti en aðrir veggir hafa verið úr timbri. Að þeim hefur safnast jarðvegur og þannig myndast smágarðar svo að skil milli dilka sjást að nokkru en botn réttarinnar er orðinn þýfður og því farið að fletjast út. Nú er aðeins sjáanleg merki eftir 7 dilka. Smástallur er ofan í almenning, úr efstu dilkunum greinilega hefur verið reynt að hafa botn réttarinnar sem sléttastan þó að réttin sé í halla. Op eru úr dilkum á nokkrum stöðum en sum þeirra eru alveg hrúnin saman. Aðalop réttarinnar snýr í norður. Einn dilkur sker sig frá hinum, þar sem hann hefur verið lengdur u.þ.b. 4 m til suðausturs. Réttin var notuð fram á 7. áratug 20. aldar og undir

lokin voru girðingar ofan á gördunum til að halda réttinni fjárheldri. Hrafnkell Helgason, sem er fæddur og uppalinn á Stórólshvoli, dró upp dilkaskipan í Hvolsréttum og þar sést að dilkarnir hafa verið 10. Þegar gengið var inn í réttina tilheyrði fyrsti dilkur til vinstri (að austan) Stórólshvoli 001, Þinghóli 011, Götu RA-257, Króktúni RA-260. Næsti tilheyrði: Vallarkróki þ.e.a.s. Velli, Kotvelli, Markarskarði og Ásgilsstöðum. Þriðji dilkur tilheyrði óskilafé. Fjórdi dilkurinn tilheyrði Rangárvöllum, og hann er sá sem hefur verið lengdur. Fimmti Efri-Hvoli og Miðhvoli. Sjötti dilkur og sá er gegnt opi, tilheyrði Uppsölum, Brekku, Langagerði,

Vindási og Moshvoli. Sá sjöundi tilheyrði Dufþekju og Eystri-Garðsauka RA-237. Í áttunda dilk drógu Vestri-Garðsauka og Miðkrika-fólk. Í þann níunda var dregið frá Móeiðarhvoli og sá tíundi tilheyrði Fljótshlíð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Hrafnkell Helgason. "Hvolsréttir"

RA-255:035 *Norðurgarður* þúst býli 63°45.499N 20°12.851V
"Í túninu á Stórólshvoli eru, auk Króktúns [RA-260:001], bæjartættur fornar, norðan við Króktún Norðurgarður.", segir í örnefnalýsingu. "Norðurgarður stóð í norðvesturhorni túnsins í Króktúni.", segir í athugasemdum Þórðar Tómassonar. Um 20 m ofan Öldunnar, sem gengur í gegnum Hvolsvöll og 300 m norðvestur frá Króktúni RA-260:001 er hóll í sléttuðu túninu, þar stóð býlið Norðurgarður áður. Túnið er í aflíðandi halla mót suðvestri, niður að öldunni. Flatlendi er handan Öldunnar. Hóllinn er 27 x 20 m stór og um 0,5 m hár. Hann snýr suðaustur-norðvestur og er aflíðandi halli af honum til allra átta, enda véltækur í túninu. Grjót sést í sverðinum suðvestan í hólnum. Sunnan og suðvestan hólans er dæld, e.t.v. kálgarður. Skv. aðalskipulagi er íbúðabyggð fyrirhuguð svæðinu sem bæjarstæði Norðurgarðs er.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 2; Athugasemdir Þórðar Tómassonar

RA-255:036 þúst óþekkt 63°45.036N 20°13.076V
Neðan Ormsvallavegar, u.þ.b. 630 m norðvestur frá Stórólshvoli 001 og 340 metra frá bæjarstæði Króktúns RA-260:001, er þúst. Hún er vestan Nýbýlavegar. Svæðið vestan Öldunnar sem liggur í gegnum Hvolsvöll og er sléttað og er þústin eina misfellan á stóru svæði. Þústin er 10 x 8 m stór og snýr austur-vestur. Hún er 0,5 m á há og grænni en sléttlendið í kring. Á völlum er kringum Hvolsvöll voru útihús gjarnan byggð á smáhólum sem þessum og líkist þústin öðrum rústahólum á svæðinu. Líklega hafa því mannvirki verið á þessum stað þó nú sjáist ekki lengur til veggjabrota.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-255:037 tóftir+garðlög beitarhús 63°46.347N 20°15.631V
Á nesi sem myndast milli Djúpadals og Borgardals, ofan Brúna, eru tóftir og garðlög. Þau eru u.þ.b. 4,3 km norðvestur frá Stórólshvoli 001 og 780 m suðvestur frá núverandi bæjarstæði Djúpadals 030. Grasi- og mosavaxinn þurr mói er á Brúnum ofan Eystri-Rangár. Allar tóftirnar 4 og garðlagið á svæðinu eru eingöngu úr torfi. Hér verður svæðinu lýst frá suðri til norðurs og tóftum gefnir bókstafir til aðgreiningar. Syðst á svæðinu, fast við dalbrún Borgardals, er tóft A sem snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 15 x 8 m stór og er þrískipt. Stærsta hólfið nær gafla í milli, 15 m langt og í því er garður, samsíða norðvesturlanglið (sjá t.d. RA-255:042, þar er samskonar garði eða garðlag við langvegg). Ekki er greinilegt op á hólfinu. Tvö minni hólf eru í suðvesturhorni tóftarinnar og eru op beggja þeirra á suðausturvegg. Opíð er á milli minni hólfa tveggja. Hleðsluhæð er 0,5 m. Suðaustan við A er mikil dæld, 14 x 20 m stór. Fast norður af A og líklega í samhengi við hana er 6 m langt garðlag á dalbrúninni, 0,5 m hátt og 1 m breitt. Talsvert sig er á dalbrúninni á þessum slóðum og gæti garðlagið hafa verið lengra. Tóft B er 15 m norður af tóft A, en 6 m frá dalbrún Borgardals. Tóftin er 11 x 7 m stór og snýr austur-vestur. Hún samanstendur af þúst í austurenda (u.þ.b. 6 x 7 m stór) og gerði framan við hana að vestanverðu (u.þ.b. 5 x 7 m stórt). Hún er mest 0,5 m há en engin op eru sjáanleg. 40 m vestur af tóft B er tóft D, á dalbrún Djúpadals. Tóft D er einföld 12 x 12 m stór en vesturhluti hennar er óglöggur því brún Djúpadals sígur eða rofnar, líkt og í Djúpadal (sbr. garðlag við tóft A). Tóft C er 60 m norðaustur af D. Hún er einföld, 9 x 4 m stór og snýr norður-suður. Tóftin er 0,4 m há og í henni eru tveir signir samsíða garðar, 5 metra langir. Engin op eru greinanleg. Austan við hana er dæld, 10 x 10 m stór, líkt og við tóft A. Milli tófta A, B og C er mjög þýft á köflum og er líklegt að þar hafi verið tóftir og garðlög sem nú er alveg hrúnn og hlaupin í þúfur. Mjög líklegt er að þær tóftir sem raða sér Brúna (sjá 017, 038, 041, 042 og 043) og á bakka Miðöldu (025) séu beitarhús og heystæði. Á vellina sjálfa virðist ekki hafa verið byggð útihús en þeim raðað í jaðar þeirra.

Hættumat: engin hættu

RA-255:038 tóftir beitarhús 63°46.278N 20°17.311V
Upp af Langanesi, ofan undirlendisins við Eystri-Rangá eru tóftir á Brúnum, milli sumarbústaða sem þar raða sér á brúnina. Þær er u.þ.b. 4,3 km frá Stórólshvoli 001. A.m.k. ein tóftanna (B) var fjárhús frá Stórólshvoli. Þurr og gróid er á svæðinu og grasi vaxnir mór á Brúnum. Skógrækt er hafin á svæðinu og búið að planta tré í og við tóftirnar. Djúp gróf gengur þvert á Brúnum og niður á undirlendið við Eystri-Rangá. Grófin liggur nálega suður - norður, milli tóftar B annarsvegar og A, C og D hinsvegar. Sumarbústaður er u.þ.b. 40 m suðvestan við tóft B og annar bústaður, u.þ.b. 100 m suðaustur frá henni. Svæðið er u.þ.b. 50 x 50 m stórt og á því eru 3 tóftir og 1 þúst. Allar eru tóftirnar úr torfi eingöngu. Þúst A er syðst tóftanna. Hún er austanmegin á grófarbakknum og er 2 x 3 m stór og 0,8 m há. 40 m suðvestur frá þúst A er tóft B. Tóft B er þrískipt, 18 x 12 m stór og 0,3 m há. Hún snýr í suðaustur - norðvestur og er alveg opin mót

Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni

norðvestri, þar hafa að líkindum verið timburþil. Tóftin samanstendur af tveimur löngum samsíða hólfum, 11 x 6 m stórum og bogadregnu hólfu, 5 x 4 m stórt sem stendur suðaustan (aftan við) norðaustara hólfu. Við hvors annars hlið. Tóftarveggirnir eru mjög mjóir og engin höll hefur myndast undir fjárhúsinu svo ekki líklegt að það sé mjög gamalt. Líklega jarðvegsmyndun við fjárhús sem hafa verið byggð úr öðru efni en torfi eingöngu. Þarna voru sauðahús í skv. Hrafnkatli Helgasyni, sem ólst upp á Stórolfshvoli. Í tóftinni liggur spýtna- og járnabrák. 30 m norðvestan við þúst B eru tvær tóftir hlið við hlið, fast við brúnina ofan Eystri-Rangár. 4 m eru á milli tóftanna sem snúa suðaustur - norðvestur. Tóft C er suðvestar. Hún er einföld, 9 x 6 m stór og 0,4 m á hæð. Ekkert op er sjáanlegt á henni. Norðaustan við C er dæld D. D er 9 x 5 m stór og u.þ.b. 1 metri á dýpt. Engar hleðslur er að sjá kringum hana. Vitað er að tóft B var fjárhús frá Stórolfshvoli, líklega ekki mjög gamalt, að það gæti einnig átt við þúst A, tóft C og dæld D.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-255:039 garðlag óþekkt

Í örnefnaskrá segir: "Enn má nefna eitt, sem er mjög einkennilegt við þetta landsvæði, en það eru gömul garðabrot, sem verið hafa mikil mannvirki." Garðlag liggur með hliðarrótunum ofan Eystri-Rangár. Þau sjást ofan Dýjaness (70 m í beina loftlínu norður frá tóftum 039) og í Borgardal (30 m norðaustan við tóft 021).

Neðan garðsins eru sléttar eyrar og undirlendi niður að Eystri-Rangá en ofan hans brattar hliðar, upp á Brúnir. Garðurinn er grasi vaxin.

Fyrst sést garðlagið í Borgardal, 30 m austnorðaustur af fjárborginni 021 og liggur til suðvesturs með hliðarlögginni, allan Borgardalinn, fyrir Lónslækjarnes og í hliðarlögg ofan Dýjanesslænu og Dýjaness og hverfur þar við nesið. Það er a.m.k. 2 km langt og liggur líkt og Brúnin ofan Eystri Rangár svo að segja í vestur - austur. Garðlagið er víða slitrótt, sérstaklega í Borgardal. Það stendur best ofan Dýjaness, 0,5 m hátt og 1 m breiður. Í Borgardal er garðlagið signara, 0,3 m hátt og eins og áður sagði slitróttara. Garðlagið er misjafnlega breitt, t.d. um 1 m í Borgardal en mun stæðilegra upp af Dýjanesi, allt að 2 m breitt. Garðlagið er víða mjög sigið, aðeins 0,3 m á hæð í Borgardal, en stendur betur upp af Dýjanesi, allt að hálfur m á hæð. Ekki er vitað hvaða hlutverki garðurinn gegndi. Freistandi er að álykta að garðlagið sé einhverskonar vörslugarður og til að afmarka eyrarnar niðri við ána. Ekki er hann eins fornlegur og garðlagið á Brúnum 040 og þvergarðurinn 054.

Ljósmynd: Horft til NV. Veidihús við Eystri-Rangá í baksýn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 4

RA-255:040 garðlag óþekkt

"Enn má nefna eitt, sem er mjög einkennilegt við þetta landsvæði, en það eru gömul garðabrot, sem hafa verið mikil mannvirki. Eitt þeirra liggur upp allar Brúnir, en svo eru kallaðar brúnirnar fyrir ofan undirlendið með Rangá", segir í örnefnaskrá. Umrætt garðlag sést víða á Brúnum ofan Eystri-Rangár. Það var rakið a.m.k. 2,5 km leið, frá tóftum 041 og tæplega 500 m vestur fyrir tóftir 038. Þar tekur garðlagið stefnu niður á undirlendið við Rangá og hverfur þar.



Á Brúnum, horft til suðausturs. Garðlagið liggur til austurs.



Horft til norðvesturs. Veidihús við Eystri Rangá í baksýn.

63°45.324N 20°15.435V

Grasi vaxinn þurr mói er á Brúnum ofan Eystri-Rangár. Þar sem garðurinn sést austan þjóðveggar 1 er hann oftlega grasi og lyngi vaxinn, en grasi gróinn vestan þjóðveggar. Garðlagið sem liggur á Brúnum er allt að 3 m á breidd, mjög sigið, hæst 0,4 m. Austan þjóðveggar 1 er það mun raskaðra og sjást aðeins slitir úr því og ekki sást það austar en við tóftir 041. Vestan þjóðveggar 1 liggur garðlagið meðfram vegi niður að Móeiðarhvoli, norðan

hans. Það hefur víða verið skorið af vegaf framkvæmdum við sumar bústaði sem raða sér á Brúnirnar. Þvergarður 054 er að líkindum í samhengi við þetta garðlag. Það er vestan tóftar 021. Í Sýslu- og sóknalýsingum

Rangárvallasýslu segir: "Í Stórólshvolssókn er víða girðingum við uppi haldið og auknar. eru þar og um alla sveitina út um hagara þvílíkar niðurfalnar forngirðingar, líklega vörzlu-og landamerkjagardar, samt náthagar eður akrar, að óvíða munu jafnmiklir finnast."

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-255:041 tóftir óþekkt

63°46.324N 20°15.435V

Beggja vegna við malarborinn veg sem liggur á Brúnum ofan Eystri-Rangár eru tóftir og garðlag. Tóftirnar eru u.þ.b. 2,8 km norðvestur frá Stórólshvoli 001 og 1,6 km ASA frá núverandi bæjarstæði Djúpadals 030. Grasi vaxinn þurr mói er á Brúnum ofan Eystri-Rangár.

Á staðnum eru 4 tóftir og garðlag eru á 40 x 40 m stóru svæði. Ekki sést grjótt í neinni tóftanna. Hér verður svæðinu lýst frá norðaustri til suðvesturs og tóftum gefnir bókstafir til aðgreiningar. Tóft D er eina tóftin sem er norðan vegar. Hún er á rústahól sem er 30 x 18 m að stærð. Hann snýr suðaustur-norðvestur, en norðvesturendi hans sveigir til vesturs. Hóllinn er allt að 2 m hár og bratt niður af honum til allra átta. Tóftin skiptist í a.m.k. 4 hólf. Það stærsta er suðaustast og er 16 x 7 m stórt. Fast, vestur af því er 9 x 6 m stórt hólf sem snýr austur-vestur og hallar mót vestri. Sunnan við stærsta hólfid er smáhólf, 7 x 5 m stórt og þar í kverkinni fjórða hólfid 8 x 5 m stórt með op á suðausturvegg.

Fast sunnan við veginn, suður af D er tóft B. Tóft B er einföld hringlaga, 7 m í þvermál og er dæld í miðju hennar. Hún er 0,8 m há og ekkert op er sjáanlegt á henni. Sömu sögu er að segja um tóft A sem er 7 m vestur frá B. Tóft A er einföld, 6 m í þvermál og dæld í miðjunni. Hún er 0,5 m há og ekkert op sjáanlegt. Milli A og B er sigið garðlag 10 m langt og liggur norður - suður, 0,2 m á hæð. Tóft C er 15 m suðaustur af B. Tóft C er 3 x 4 m stór, 0,3 m há. Hún er einföld, snýr suðvestur - norðaustur. Til vesturs frá stærstu tóftinni D er 2 m breitt garðlag, mjög sigið. Það liggur frá tóftinni u.þ.b. 50 m til vesturs og hverfur þar í sléttu tún. Það er hluti garðlagsins mikla á Brúnum, sjá 040. Hlutverk tóftanna er óþekkt en e.t.v. eru tóftirnar séu heystæði og e.t.v. beitarhús frá gamla stórbýlinu á Stórólshvoli. Mjög líklegt er að þær tóftir sem raða sér Brúnir (sjá 017, 037, 038, 042 og 043) og á bakka Miðöldu (025) séu slíkar byggingar. Á vellina sjálfa virðist ekki hafa verið byggð útihús en þeim raðað í jaðar þeirra.



Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

RA-255:042 tóft beitarhús

63°46.366N 20°14.448V

Norðaustan við malarborinn veg sem liggur á Brúnum ofan Eystri-Rangár er tóft. Vegurinn greinist við tóftina, aðalvegurinn liggur áfram, meðfram suðvesturlangvegg tóftarinnar en vegspotti sem liggur niður á Rangárbakka er norðvestan hennar. Tóftin er u.þ.b. 2,6 km norðvestur frá Stórólshvoli 001 og 1,8 km frá núverandi bæjarstæði Djúpadals 030. Þarna voru fjárhús frá Króktúni, að sögn Hrafnkels Helgasonar, sem ólst upp á Stórólshvoli.

Grasi vaxinn þurr mói er á Brúnum ofan Eystri-Rangár. Tóftin er 15 x 16 m stór, þrískipt og snýr norðvestur-suðaustur. Stærsta hólfid er 12 x 5 m að innanmáli með signum garða samsíða norðvesturlangvegg (eins og á fornleif 037, tóft A). Norðvesturgafli tóftarinnar er alveg opin, þar hefur líklega verið tréþil. Suðaustan stóra hólfins eru tvö smærri hólf, samsíða, hvort um 1,5 x 1,5 m stórt að innanmáli. Hleðslur eru signar, 0,4 m



Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni

háar. Tóftin líkist mest fjárhúsi með hlöðu aftan við, e.t.v. beitarhús. Mjög líklegt er að þær tóftir sem raða sér Brúnir (sjá 017, 037, 038, 041 og 043) og á bakka Miðöldu (025) séu slíkar byggingar. Á vellina sjálfa virðist ekki hafa verið byggð útihús en þeim raðað í jaðar þeirra.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


RA-255:043 tóftir óþekkt

63°46.367N 20°13.895V

Norðan við malarborinn veg sem liggur á Brúnum ofan Eystri-Rangár er tóftir. Þær eru á Brúnum ofan Djújaness. Tóftirnar er u.þ.b. 2,5 km norðvestur frá Stórólshvoli 001 (bein loftlína) og 2,3 km í beinni loftíni ASA frá núverandi bæjarstæði Djúpadals 030.

Grasi vaxinn þurr mói er á Brúnum ofan Eystri-Rangár.

Á staðnum eru 5 tóftir á 50 x 40 m stóru svæði. Þrjár tóftanna eru hringlaga eins og algengt er á þessum slóðum, ein fremur lítil, ferköntuð og ein stór, fjórskipt. Ekki verður séð grjót í neinni tóftanna. Hér verður tóftunum líst frá og hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar. Fast norðan við veginn er stærsta tóftin á svæðinu, tóft E. Hún er 14 x 7 m stór og snýr norður-suður. Hún skiptist í fjögur hólf. Nyrst er stærsta hólfíð, 6 x 3 m stórt með op til vesturs. Norðan þess eru tvö smærri hólf við hlið hvors annars. Bæði hólfín eru um. 3 x 2 m að innanmáli en á þeim sjást engin op. Norðan við norðvestara hólfíð er fjórða hólfíð sem er mjög óljóst. Þar eru óljósar hleðslur við smádæld. Vegghleðslur í tóft E eru mest



um 1 m háar. 12 m norðaustur af E er tóft A. Tóft A er einföld, hringlaga, 7 m í þvermál. Hún er um 0,5 m á hæð og á henni er ekkert op sjáanlegt. 8 m norður af A er tóft B. Tóft B er einföld, ferköntuð, 7 x 6 m stór og um 0,5 m á hæð. Í hana miðja er grunn dæld, 3 x 4 m stórt að innanmáli. 8 m austur af B er tóft C, sem líkt og tóft A, er einföld, hringlaga. Tóft C er 7 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Á henni miðri er hringlaga þúst, 1 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Um 15 m vestur af B er tóft D sem er einföld hringlaga, 3 m í þvermál, ekkert op sjáanlegt. Hugsanlega eru hringlaga tóftirnar A, C og D heystæði og e.t.v. er stóra tóft E, fjárhús eða sauðahús frá gamla stórbylinu Stórólshvoli. Tóft E er í hættu vegna vegagerðar, vegurinn liggur fast við suðurgöfl tóftarinnar og hefur kvarnast úr veggjum hennar. Mjög líklegt er að þær tóftir sem raða sér Brúnir (sjá 017, 037, 038, 041 og 042) og á bakka Miðöldu (025) séu slíkar byggingar. Á vellina sjálfa virðist ekki hafa verið byggð útihús en þeim raðað í jaðar þeirra

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

RA-255:044 Ormsvöllur tóftir býli

63°44.309N 20°13.090V


Tóftir Ormsvelli, hjáleigu frá Stórólshvoli, eru um 750 m suður frá Götu RA-257:001. Tóftirnar eru á hól, 30 m suðaustan við skurð og girðingu á merkjum milli Götu og Moshvols.

Ormsvallarbýlið var á hól í smápýfður mói. Nú er á þessum stað beitarhólf fyrir hesta. Lágur rimi gengur frá hólnum til suðausturs að skurði og girðingu.

Í Sýslu- og sóknalýsingu Rangárvallasýslu kemur fram að nýbýlið og hjáleigan Ormsvöllur hafi verið stofnað árið 1828 og "byggt í þeim gamla Ormsvelli." Búið var á hjáleigunni til 1922, segir í Sunnlenskum Byggðum. Á Ormsvelli sjást enn leifar býlisins á hól sem er u.þ.b. 20 x 20 m stór. Þar er tóft sem er 11 x 8 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er prískipt en stærsta hólfinu er skipt upp með veggstúf, þannig að báðir hlutar þess eru 4 x 3 m stórir. Suðvestan við stærsta hólfíð er 4 x 2 m stórt hólf og suðaustan við það 3 x 2 m stórt. Öll er tóftin torfhlaðin en engin op eru sjáanleg á útveggjum. Framan (suðaustan) við hólinn, er þýfður blettur, reglulegur í laginu, 10 x 9 m stór, en fremur slétt í kringum það. Líklega hefur þar verið kálgarður.

Hættumat: hætta, vegna ágangs

Heimildir: SSR, 127; SB IV, 491



Ormsvöllur, hjáleiga frá Stórolfshvoli

RA-255:045 Efrahvolsgil náma mógrafir

63°44.983N 20°12.267V

Niður af Þinghólsbæ 011, var gott mótak við Efrahvolsgil. Í örnefnaskrá segir: "Neðan við Efra-Hvol rennur lækur í djúpu gili, Efrahvolsgili, og er þar mógröftur forn og nýr. Gil þetta er framhald af Þórunúpsgili, og á upptök sín í Rjúpubotnum." Neðar í landinu nefnist lækurinn sem rennur eftir gilinu Garðsaukalækur. Mógrafir eru u.þ.b. 450 m suðaustan Þinghólsbæjar 011.

Mógrafirnar eru á gilbökkunum og eru stórpýfðar, blautar og á milli þeirra eru moldarflög. Nú er beitarhólf fyrir hross á þessum slóðum.

Grafirnar á talsvert stóru svæði, en erfitt er að meta hversu víðáttumikið það er, þó líklega um 100 x 50 m. Landið er bæði þýft og virðist mjög gljúpt. Dýpstu grafirnar eru um 0,3 m djúpar. Að líkindum má finna grafir á gilbökkunum langt upp með Efrahvolsgili.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 3

RA-255:046 tóftir+garðlag óþekkt

63°45.679N 20°28.485V

Milli Króktúns RA-260:001 og Hvolsrétta 034 er tóftir og garðlag, í hliðarrótum norðvestur undir Hvolsfjalli. Þetta er um 650 m norðnorðaustur frá Króktúni í beinni loftlínu og 550 m suðvestur frá Hvolsréttum, í beinni loftlínu.

Lyngmóar eru umhverfis rústina, fjær, en sléttur grasbali næst henni. Ofar rís Hvolsfjall, grasi gróið en neðar er gróf, Alda, sem liggur í gegnum Hvolsvöll.

Hóllinn sem tóftin er á er 50 x 30 m stór og um 2 m hár. Snarbratt er niður af hólnum til suðausturs en aflíðandi í aðrar áttir. Á hólnum er sigin tóft og suðvestan í honum er sigin tóft og garðlag, eingöngu torfhláðið. Tóftin suðvestan í hólnum er 14 x 4 m stór. Hún snýr suðaustur-norðvestur og er tvískipt. Minna hólfíð er 3 x 3 m stórt að innanmáli, og er norðvestan við langt hólf, 9 x 2 m stórt að innanmáli, sem hefur op til norðvesturs. Umhverfis tóftina er garðlag, sem liggur frá hólnum suðaustast og í sveig norðvestur fyrir hólinn og hverfur í móann norður af honum. Uppi á hólnum miðjum er sigin tóft, vart meira en dæld í hólinn. Hún er um 10 x 8 m stór og snýr austur-vestur. Norður af henni, er 6 x 5 m stór dæld. Norðaustur af hólnum er 3 m langur garðstúfur, 0,5 m



Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni

breiður og 0,3 m hár sem gengur til norðurs. Hlutverk óþekkt. Hrafnkell Helgason, sem ólst upp á Stórólshvoli, þekkir tóftirnar en heyrði aldrei talað um uppruna þeirra.

Hættumat: engin hætta

RA-255:047 þúst óþekkt 63°45.028N 20°12.689V
100 metra suður af Kornhúsum RA-256:001, eru tvær þústir á óræktuðu svæði sem afmarkast af skurðum. Þústirnar eru sunnan við sumarbústaði sunnan Kornhúsa (kallast nú Ásgarður).

Þýfður, grasi vaxinn mói sem er afmarkaður af skurðum á alla vegu.

Þústirnar snúa norðvestur-suðaustur þær eru á 40 x 30 m stóru svæði. Þúst A er 10 x 9 m stór og allt að 1 m á hæð. Í hana miðja er dæld. 30 m norðvestur af henni er þúst B. Hún er nærri hringlaga, 15 m í þvermál og 0,5 m há. Hún er nálægt því í túnhorni, suðvestan við sumarbústaði. Þústirnar líkjast öðrum rústahólum á svæðinu. Þær eru á svæði sem skv. aðalskipulagi er ætlað undir frístundabyggð eða íbúðasvæði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-255:048 þúst óþekkt 63°45.116N 20°13.177V
Þúst og þúfnabakki er á austurbakka Öldu, sem er gróf sem liggur í gegnum Hvolsvöll. Þústin er vestan íbúðarhúss við Öldubakka 1.

Bakkar Öldunnar er grasi grónir og smáþýfdir.

Þústin er 8 x 8 m í þvermál og um 1,5 m há og er ekki mjög fornleg að sjá. Kringum hana er þúfnasvæði. Af ljósmynd frá 7. áratugnum að dæma, virðast hafa verið kálgarðar á þessum stað, og e.t.v. eru þústin og þúfnasvæðið leifar þess. Hrafnkell Helgason, sem ólst upp á Stórólshvoli, man ekki eftir rústum á þessum þarna.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

RA-255:049 heimild um fjós 63°45.124N 20°13.258V
Á lóð Sýslumannsbústaðarins sem stendur við Hlíðarveg 17 á Hvolsvelli, er rústalegur hóll. Hóllinn er u.þ.b. 360 m vestan við Stórólshvol 001.

Hóllinn er eina misfellan á rennisléttu lóðinni. Á hólum eru þrjú grenitré. Trjábelti er á lóðamörkum.

Hóllinn er 21 x 12 m stór og snýr suðaustur-norðvestur. Hann er u.þ.b. 1,5 m hár, sléttur að ofan en fremur bratt niður af honum á alla vegu. Samkvæmt Hrafnkatli Helgasyni, sem ólst upp á Stórólshvoli, var byggt fjós á lóðinni kringum 1940. Hann man ekki eftir rústum þar áður. Hóllinn líkist öðrum rústahólum á skráningarsvæðinu.

Hættumat: hættu, vegna trjáræktar

RA-255:050 þúst óþekkt 63°45.309N 20°12.880V
Þúst er um 340 m norðvestur frá bæjarstæði Stórólshvols 001 og 170 m suðaustur frá bæjarstæði Króktúns RA-260:001.

Þústin er í sléttuðu Hvolstúni, sem er í aflíðandi halla mót vestri. Túnið er sléttað en víða í því dældir og hryggir, þar gætu leynst fornleifar undir sverði.

Þústin er nær hringlaga, 22 m í þvermál og 0,2 m há. Í henni má greina dældir auk þess sem hún er mun grænni en umhverfið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-255:051 gerði óþekkt 63°44.909N 20°13.645V
Gerði er suðvestan við hús Sláturfélag Suðurlands sem stendur við Ormsvöll 8. Svæðið er gróið og sinuvafið. Suðvestan þess er sléttað.

Gerðið er 100 x 11 m og liggur nálega norður-suður. Norðurskammhlið og nyrsti hluti vestari langveggjar er horfinn vegna bygginga Sláturfélagsins. Hæð garðlagsins er 0,4 m. Víða er rof á garðlaginu, e.t.v. er þetta gamall kálgarður.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

RA-255:052 tóft+garðlag óþekkt 63°46.558N 20°16.473V
"...bæjartættur [sjá 012] á hól nyrst í túnjaðrinum og sagnir eru um að þar sé hellir, sem nú er lokaður og átti að vera fyrir 50 kindur", segir í Sunnlenskum byggðum. Hellirinn 019 er u.þ.b. 120 m suðaustur frá núverandi bæjarstæði Djúpadals 030, þar sem hólaröð gengur eftir túninu til vesturs, frá ánni. Þar sem hellirinn er, eru tveir hólkollar, smádæld í milli þeirra. Á suðaustari hólum er tóft og garðlag.

Sléttað tún er í kringum bæinn og hallar landi mót suðri. Umhverfi bæjarins er svipmikið því klettahjallar eru í Hvolstúni ofan bæjar.

Á hólum, syðri bungunni, er sigin hringlaga tóft, 8 m í þvermál. Hún er u.þ.b. 0,3 m há og hlaupin í þúfur. Op virðist vera til vesturs. Fast við tóftina er garðbrot að norðan er u.þ.b. 1 m á lengd og snýr stúfurinn í suðvestur - norðaustur. Það einnig u.þ.b. 0,3 m hátt og 0,5 m breitt. Hlutverk tóftanna er óþekkt en hringlaga tóftir eru

algengar á svæðinu sjá t.d. 017. Tóftirnar eru innan túns í Djúpadal.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-255:053 heimild um fjárhús

63°45.110N 20°13.235V

Fjárhús frá Stórólshvoli 001 voru áður þar sem sýslumannsbústaðurinn við Hlíðarveg 17 á Hvolsvelli, er nú.

Bakkar Öldunnar, sem liggur í gegnum Hvolsvöll, er grasi gróinn og smáþýfður.

Fjárhúsin voru úr torfi. Öll ummerki um þau horfin. Þúst 049 er á sýslumannslóðinni, 30 m norðaustan við sýslumannsbústaðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-255:054 garðlag óþekkt

63°46.508N 20°15.635V

"Enn má nefna eitt, sem er mjög einkennilegt við þetta landsvæði, en það eru gömul garðabrot, sem hafa verið mikil mannvirki. Eitt þeirra liggur upp allar Brúnir, en svo eru kallaðar brúnirnar fyrir ofan undirlendið með Rangá", segir í örnefnaskrá. Þvergarður sem gengur niður á eyrina við Eystri-Rangá, vestan við tóft 021, er að líkindum í samhengi við garðlagið mikla á Brúnum 040.

Garðurinn er í brekku en sést þó ekki, að því virðist á dalbrúninni, heldur eilítið neðar. Neðan garðsins eru sléttar eyrar og undirlendi niður að Eystri-Rangá en ofan hans brattar hlíðar, upp á Brúnir. Garðurinn er grasi vaxinn.

Garðlagið er sigið, allt að 4 m á breidd, en nær mest u.þ.b. 0,5 m hæð í Borgardal. Það er u.þ.b. 100 m langt.

Þess má geta að minnst er á garðlag í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 sem vel gæti verið umræddur þvergarður í Borgardal. Þar segir: "Diúpedalur heitir í Stórólshvolsslóði, er auðsjáanlegt að þar hefur bær verið, sjer glögt fyrir húsarústum og girðingum, ítem garði, er menn halda merkigarið verið hafa milli Stórólshvols og Djúpadals. Engin man að þessi jörð hafi byggð verið...." E.t.v. er þvergarðurinn gamall landamerkjagarður. Í Sýslu- og sóknalýsingu Rangárvallasýslu segir: "Í Stórólshvolssókn er víða girðingum við uppi haldið og auknar. eru þar og um alla sveitina út um hagana þvílíkar niðurfalnar forngirðingar, líklega vörzlu- og landamerkjagarðar, samt náthagar eður akrar, að óvíða munu jafnmiklir finnast."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 2, 4; JÁM I, 216; SSR, 125



Horft til NA. Strýtumyndaður höll (sjá 021) vinstra megin og þvergarður 054 hægra megin.

RA-255:055 heimild um rétt

63°45.257N 20°13.007V

"Bakkinn sem þorpið stendur á, var kallaður Öldubakki...Á Öldubökkum voru áður almenningsréttir," segir í örnefnaskrá. Skv. Hrafnkatli Helgasyni, sem ólst upp á Stórólshvoli, voru réttirnar rétt ofan við Stóragerði RA-258.

Sléttað tún er austan og norðan Stóragerðis en íbúðabyggð sunnan við.

Ummerki um réttina eru horfin, annaðhvort hefur hún verið sléttuð í túnið eða búið er að byggja yfir hana. Réttin var ferhyrmd, úr torfi, og sneri austur - vestur. Í henni voru tvö hólf, dílkur austar og almenningur vestar. Dyr voru á báðum göflum. Þessa rétt notaði Stórólshvoll 001, Gata RA-257, Króktún RA-260 og Þinghóll 011. Skv. aðalskipulagi er íbúðabyggð fyrirhuguð á þessu svæði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-255:056 garðlag

"Enn má nefna eitt, sem er mjög einkennilegt við þetta landsvæði, en það eru gömul garðbrot, sem verið hafa mikil mannvirki. Eitt þeirra liggur upp allar Brúnir [sjá 040], en svo eru kallaðar brúnirnar fyrir ofan undirlendið með Rangá. Eitt garðbrotið liggur yfir þvera Íraheiði, og enn eitt í mörgum krókum á svæðinu milli Vallar og Efra-Hvols.", segir í örnefnalýsingu.

Garðbrotin á Íraheiði og milli Vallar og Efra-Hvols eru utan skráningarsvæðisins. Þau eru í landi Vallar, Þórunúps og Efra-Hvols.

Heimildir: Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 4

RA-255:057 gripir


Í yfirliti yfir muni selda og gefna Forngripasafninu árið 1905, segir: "Brot af beizlisstöng, sporöskjulöguð hálfkúla úr bronzi, skeifa fjórboruð, beizlishringur þríhyrndur, krókur úr bronzi og mót úr linum steini. Fundið við Eystri-Rangá nálægt Stórólshvoli."JJ.

Heimildir:JJ: Jón Jakobsson. "Yfirlit yfir muni ..." Árbók 1906, 50

RA-255:058 gripir

Í yfirliti yfir muni selda og gefna Forngripasafninu árið 1907, segir: "Kotrutafla úr leir, fundin í Hvolfsfjalli hjá Stórólfsþvoli."MP.

Heimildir:MP: Matthías Þórðarson. "Yfirlit yfir muni ..." Árbók 1908, 54.



Kort af túni Króktúns frá 1917.

RA-256 Kornhús

Hjáleiga Stórólfsþvols. Þau höfðu verið í byggð lengur en "nokkrir muna" árið 1709, þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín taka saman Jarðbókina í Rangárvallasýslu. JÁM I, 218. Kornhús voru enn í byggð árið 1847 þegar Jarðatal Johnsens er gert (JJ, 35). Hjáleigan var komin í eyði fyrir síðustu aldamót, segir í Sunnlenskum byggðum IV, 491.

Kornhús stóðu í aflíðandi brekku sem snýr mót suðri.

RA-256:001 *Kornhús*

bæjarhóll bústaður
63°45.082N 20°12.673V
"Þar vestur í túninu [nálægt Þinghól RA-255:011] eru gamlar bæjartættur, Kornhús.", segir í örnefnalýsingu. Bæjarstæði Kornhúsa eru um 100 m suðaustan við Stórólshvol RA-255:001 og 230 suðvestan við Þinghól. Býlistóftirnar voru horfnar fyrir minni Hrafnkels Helgasonar sem er fæddur 1928 og ólst upp á Stórólshvoli. Þar sem býlið var standa nú tvö timburhús. Búið er að byggja ný hús þar sem Kornhús stóðu. Ofan (norðan) húsanna eru sléttuð tún.

Ekki sér til tófta Kornhúsa en talið er að núverandi hús, gamli barnaskólinn og kennarabústaðurinn hafi verið reist á sama stað. Ofan húsanna er þó mikið rót e.t.v. af vindmyllu sem þar stóð um tíma fyrir miðja 20. öld. Á þessum stað er nú rekin ferðaþjónusta og veitingahús og nefnist staðurinn Ásgarður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 3



Kornhúsaahóll RA-256:002, horft til suðurs að Kornhúsum RA-256:001 (nú Ásgarður). Vinstra megin við malarveginn niðri á völlum er Gata RA-257. Gömlu bæjarhúsin eru fjær, hvít með rauðu þaki. Nær er núverandi íbúðarhús á jörðinni.

RA-256:002 *Kornhúsaahóll* þjóðsaga legstaður

63°45.122N 20°12.646V

Í Frásögum um fornaldarleifar segir: "til 1ta) Það er mælt að Storolfur sie lagdur í þan Hól er nú er kalladur Kornhusahóll, af kote því er han tilheirir og er han rett ofannverdt vid Hvols kyrkiugard, en á hönum síást eingin manna verk, og er næsta olik að Sa Holl hafi allur verid af mönnum orpin vegna stærðar hans ..." Kornhúsaahóll rís beint austur af Stórólshvolskirkju RA-255:002.

Hóllinn er aflíðandi til allra átta en einna brattastur niður að kirkjugarðinum.

Í Frásögum um fornaldarleifar segir ennfremur: "... nema Lik hafi verid nidur sett i han, er hann aflidandi Brecka nidur að kyrkiugardinum og hierum bil half dagslatta að vidattu." Umræddur hóll er fullkomlega náttúrulegur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: FF I, 132

RA-257 **Gata**

Gata var hjáleiga Stórólshvols og hafði verið "í byggð lengur en nokkrir til muna" árið 1709 þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er tekin saman í Rangárvallasýslu. JÁM I, 217. Ormsvallarland og Eystri-Garðsaukaland hafa verið lögð undir Götu og einnig á hún land í Vellinum vestur undir Djúpadal, segir í Sunnlenskum Byggðum IV, 488. Enn er búið í Götu.

1917: Tún 3,4 ha, þar af 2,4 ha slétt, garðar 1209 m². "Út frá bænum teygir túnið sig norður að þjóðvegnum og vestur að Stórólshvolslandi. ... Allt er landið þurrlegt. Hluti af því er óræktaður að sunnanverðu." SB IV, 488. "Norðan við bæinn er þurrlendur mói," segir í Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 4.

RA-257:001 *Gata* bæjarhóll bústaður

63°44.711N 20°13.024V

Gata er 820 m SSV frá Stórólshvoli RA-255:001 og stendur u.þ.b. 200 ofan Garðsaukalækjar sem rennur úr Efrahvolsgili (sjá mógrafir RA-255:045). "...þar sem bærinn í Götu stóð áður, er stærðar súrheyshlaða með áföstu hesthúsi og fjárhúsi," segir í Sunnlenskum byggðum. Bæjarhóll Götu, er u.þ.b. 170 m sunnan við

Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni


núverandi íbúðarhús. Útihús og braggi eru nú á hólnum.

Allt í kringum hólinn eru sléttuð tún en malarborið hestagerði er sunnan í hólnum, þar voru áður kálgarðar skv. túnakorti.

Bæjarhóllinn er 50 x 50 m stór og um 2 m hár, og er aflíðandi halli af honum til allra átta. Hóllinn er mikið raskaður af byggingum, aðallega niðurgrafinni hlöðu í miðjum hólnum. Talsvert af hleðslugrjóti, flötum hellum, er víða í sverðinum. Helst er að ætla að hóllinn sé óraskaður syðst, undir hesthúsi. Hesthúsið sem er syðst á hólnum er að grunni til gamla íbúðarhúsið í Götu.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; SB IV, 488



Kort af túni Götu frá 1917

RA-257:002 heimild um útihús

63°44.752N 20°12.112V

Á túnakorti Götu frá 1917 er merkt útihús um 70 m norður af bæjarhóli Götu 001. Túnið norðan bæjarhólsins er sléttuð.

Allt í kring er sléttuð tún.

Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-257:003 heimild um óþekkt

63°44.657N 20°13.022V

Á túnakorti Götu frá 1917 eru merkt inn garðlög eða skurðir sem liggja NNV - SSA. Annað liggur u.þ.b. 100 m frá bæ 001, frá austurmörkum túns u.þ.b. 70 m inn á túnið. Hitt liggur frá vesturmörkum túns, fyrst til norðvesturs en beygir svo til SSA, 90 m langt. Götutún er nú rennislétt og ekki sést til þessara mannvirkja.

Ræktað og sléttuð tún.

Þessi mannvirki eru horfin, sléttuð í tún. Mjög líklegt er að þau hafi tengst áveitumannvirkjunum á Ormsvelli RA-255:016.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-257:004 þúst útihús

63°44.733N 20°12.112V

U.þ.b. 80 m norðvestur af bæjarhóli Götu 001, er þúst í túninu. Allt í kring er sléttað tún.

Hóllinn er 15 x 13 m stór og um 2 m hár, bratt af honum til allra átta. Í hólnum sjást dældir og hryggir. Í hólinn á hafa verið grafnir hundar á síðustu árum skv. ábúanda í Götu..

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-258 Stóragerði

Stóragerði var hjáleiga Stórólshvols árið 1709, þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín tóku saman Jarðabókina í Rangárvallasýslu. JAM I, 218. Stóragerði er enn í byggð 1847 þegar Johnsen tekur saman Jarðatal sitt. JJ, 35. Stóragerði var komið í eyði fyrir síðustu aldamót, segir í Sunnlenskum byggðum, 491.

Stóragerði stóð á austanverðum bakka Hvolsöldunnar sem gengur í gegnum bæinn. Sléttlendi er vestan Öldunnar en aflíðandi brekka upp að hlíðarrótum Hvolsfjalls ofan við.

RA-258:001 Stóragerði bæjarhóll bústaður


63°45.267N 20°12.062V

Á túnakorti Króktúns er einnig uppráttur af Gerðistúni, sem er túnið vestan Hvolstúns. Í túninu er hús, Stóragerði. Tóftir Stóragerðis eru nú við enda götunnar Öldubakka á Hvolsvelli. Stóragerði er 370 m norðvestur

af Stórólshvoli RA-255:001 og 330 m suðvestur frá Króktúni RA-260:001. Tóftirnar eru framarlega á bakka öldunnar sem gengur í gegnum Hvolsvöll.

Þurr er á Öldubökkum, aflíðandi brekka er ofan bæjarstæðisins en sléttlendi vestan Öldunnar.

Tóftirnar eru á um 2 m háum rústahól sem er um 20 x 20 m stór og fylgja rústirnar hólnum að stærð. Af þeim má sjá að Stóragerðisbærinn var gangabær með dyr mót suðvestri. Um 6 m löng göng hafa greinilega legið inn (norðaustur) frá dyrum og voru vistarverur beggja vegna ganganna. Fyrst ber að nefna hól til suðausturs (hægri). Það er tvískipt, annars vegar 2 x 1,5 m og 3 x 2 m að innanmáli. Lengra inn með göngunum er op til norðvesturs (vinstri). Þar er ferhyrnt hól 6 x 3 m stórt (baðstofa?). Norðaustan þess (aftan við það) er smádæld, 2 x 1 m og 0,3 m djúp. Austan dældarinnar er aftasta hól Stóragerðis, það norðaustasta. Það er djúpt, 7 x 6 m stórt að utanmáli, með opi suðaustast á suðvesturvegg. Dýpt þess er a.m.k. 1 m. Suðaustan þess er hól, í hóljaðrinum, 5 x 3 m



stórt að innanmáli með op til suðausturs. Vegghleðslur er mjög signar, vart hærri 0,3 m, nema um 0,4 m í kálgarði, ekki sést grjót í hólnum né neinum hleðslum. Milli hólfanna í tóftinni eru þýft og talsverðar ójöfnur. 2 m suðvestan við (framan) bæjartóftina er kálgarður 17 x 12 m stór og er op á norðausturvegg, gegnt bæjardyrum. Á bökkum öldunnar, er garðlag sem gengur frá norðanverðum bæjarhólnum til norðurs í um 9 m, að malarbornum göngustíg. Rof er í garðlagið þar sem göngustígurinn liggur í gegnum það. Annað garðlag liggur norðvestur frá kálgarðinum og að öldubakkanum. Búið er að byggja íbúðarhús suðvestan tóftanna og hafa framkvæmdirnar þegar skemmt hleðslur í kálgarðsvegg og garðlagið á öldubakkanum. Skv. aðalskipulagi er áætluð íbúðabyggð á bæjarstæði Stóragerðis.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1917



Stóragerði, horft til suðurs

RA-259 Litlagerði

Litlagerði var hjáleiga Stórólfsþvols árið 1709, þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín tóku saman Jarðabókina í Rangárvallasýslu. JÁM I, 218. Stóragerði er enn í byggð 1847 þegar Johnsen tekur saman Jarðatal sitt. JJ, 35. Litlagerði var komið í eyði fyrir síðustu aldamót, segir í Sunnlenskum byggðum, 491.

Litlagerði stóð á austanverðum bakka Hvolstöðunnar sem gengur í gegnum bæinn. Sléttlendi er vestan Öldunnar en aflíðandi brekka upp að hlíðarrótum Hvolfsfjalls ofan við.

RA-259:001 Litlagerði bæjarhóll bústaður

63°45.359N 20°13.025V

"...norðan við Króktún Norðurgarður, en suður í túninu Stóragerði [RA-258] og Litlagerði," segir í örnefnaskrá. Á upprætti í Sýslu- og sóknalýsingum Stórólfsþvols- og Sigluvíkursókna er Litlagerði sýnt norðan við Stórgerði. Samkvæmt Hrafnkatli Helgasyni, voru tóftirnar á Öldubakkanum fast sunnan við heimreið að Króktúni. U.þ.b. 480 m norðvestur frá Stórólfsþvoli RA-255:001 og 260 m vestur frá Króktúni RA-260:001.

Norðan við horfna bæjarstæðið er malarborin heimreið að Króktúni en að öðru leyti sléttað tún sem víða eru í ójöfnur.

Ekki sést til Litlagerðis, yfir það hefur verið sléttað. Bæjarstæðið er á fyrirhuguðu íbúðasvæði skv. aðalskipulagi.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 2; SSR, 128

RA-260 Króktún

Króktún var hjáleiga Stórólfsþvols og hafði verið í byggð lengur en "menn minnst til" árið 1709, þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín taka saman Jarðabókina í Rangárvallasýslu. JÁM I, 219. Króktún fóru í árið 1966, segir í Sunnlenskum byggðum, 491. Hvolsvöllur er byggt úr landi Stórólfsþvols og Króktúns, segir í sömu heimild, bls. 532.

Túnakort frá 1917: Tún 8,4 ha, þar af 2 ha slétt, garðar 1017 m² Í Sunnlenskum byggðum segir: "Land jarðarinnar nær upp á fjallsbrúnina og svo niður á Völlinn, niður fyrir Ölduna. Jörðin átti líka land vestur við Rangá.", 491.



Kort af túni Króktúns
1917

RA-260:001 Króktún bæjarstæði bústaður

63°45.357N 20.12.705V

Króktún er suðvestan undir Hvolfsfjalli. Að því sem best verður séð af túnakorti frá 1917 stóð bærinn þá ofar en

hann gerði síðar á 20. öldinni. Króktún stóð uppi á hjalla sunnarlega í túninu. Króktún er u.þ.b. 460 m í beinni loftlínu norður frá Stórólshvoli RA-255:001.

Túnið er í aflíðandi brekku mót vestri og suðvestri. Ofan bæjarstæðisins eru klettur og brött hlíð Hvolfsfjalls en neðar sléttuð tún niður að Öldubakka.

Allar minjar í Króktúni eru horfnar, það eina sem minnir á búskap fyrri alda er njóli sem vex á nýrra bæjarstæðinu, í jaðri núverandi vesturtúns. Á bæjarstæðinu sjálfu eru vegarslóðar m.a. upp á hjallann þar sem bærinn stóð árið 1917. Vegarslóðin liggur upp með hjallanum eins og heimreiðin gerði fyrrum, en auk þess eru bílför á þvers og kruss í túninu. Bærinn stóð á sléttum hjalla en bratt er bæði upp og niður af honum. Bæjarstæðið er vel gróið og mjög víðsýnt af hjallanum. Öll ummerki um bæinn eru horfnar en á hjallabrúninni er landamerkjagardur RA-255:052 milli Króktúns og Stórólshvols. Síðar stóð bærinn 140 m norðvestar, austan og ofan núverandi túnjaðars. Þar er mikið rask og þúfnahlaup, frá því sléttuð var yfir bæinn.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917



Horft til austurs upp að Króktúni. Vegur heim að bæ og landamerkjagardur RA-260:004 meðfram honum til hægri. Landamerkjagardur RA-255:022 liggur upp á Hvolfsfall til hægri.

RA-260:002 heimild um útihús

63°45.374N 20°12.708V

Inn á túnakorti Króktúns frá 1917 merkt útihús 30 m norðnorðvestur af bæjarstæði Króktúns 001 og um 15 metra norðan heimreiðarinnar upp á hjallann.

Grasi gróið, þýft tún, gróið og hallar mót suðvestri.

Ekki sést til útihússins, ekki er ólíklegt að því hafi verið rutt burt enda bæjarstæðið mikið raskað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

RA-260:003 tóft+garðlag útihús

63°45.388N 20°12.691V

Á túnakorti Króktúns frá 1917 er sýnt útihús 50 metra norður af bæjarstæði Króktúns. Þar er tóftarbot.

Útihúsið stóð í brekkurótum neðan klettur. Brekkan og svæðið neðan hennar er þýft en grasi gróið.



Tóftin er einföld 3 x 2 m stór, snýr norður-suður og er 0,4 m há. Er eingöngu torfhlaðin. Garðlag gengur frá henni í um 12 m til norðurs en hverfur þar í sinu og þýfi. Tóftin er vart meira en þúfnahlaup enda er búið að raska öllu bæjarstæði Króktúns verulega. Vegslóði liggur upp með tóftinni að sunnan, fast við hana, og upp á hjallann þar sem bærinn stóð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-260:004 garðlag landamerki

63°45.362N 20°12.719V

Landamerkjagardur milli Stórólshvols og Króktúns liggur frá landamerkjagardi (RA-255:022). Það liggur frá bæjarstæði Króktúns, niður með heimreið bæjarins til vesturs, niður að Öldu, gróf sem liggur í gegnum Hvolsvöll og Nýbýlavegi.

Sléttuð tún er sunnan garðlagsins, malarborinn heimreið með því að norðan og handa malarvegarins er einnig sléttuð tún.

Garðlagið er u.þ.b. 250 m langt og liggur austur - vestur. Það er 0,5 m hátt og 0,5 m breitt þar sem það liggur

niður bæjarhól Króktúns en við heimreiðina er það mjög raskað, eins og ýtt hafi verið að því við túnasléttun. Þar er það einnig um 0,5 m hátt en allt að 1 m á breidd. Garðlagið er landamerki milli Króktúns og Stórólshvols.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-261 Magrivöllur

Hjáleiga Stórólshvols, stofnuð 1829 samkvæmt Sýslu- og sóknalýsingum Rangárvallasýslu. SSR, 129. Hjáleigan var komin í eyði fyrir síðustu aldamót en rústirnar kölluðust þá Birga og túnið í kring Birgittuvöllur. SB IV, 491 og Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 2.

RA-261:001 *Magrivöllur* bæjarstæði bústaður

63°45.078N 20°12.932V

"Neðan við bæinn [Stórólshvol, RA-255:001] eru enn gamlar bæjartættur, Birga, sem Birgittuvöllur er kenndur við.", segir í örnefnalýsingu. "Birgitarvöllur er þar sem íbúðarhús bóndans á Stórólshvoli er nú," segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Birga stendur við Hvolströð, 200 m suðvestur frá bæjarstæði Stórólshvols 001.

Umhverfis Birgu er rennislétt gróin lóð og trjábelti með lóðamörkum.

Að öllum líkindum eru Magrivöllur og Birga einn og sami staðurinn. Í Sýslu- og sóknalýsingu frá 1839 segir: "Magrivöllur. Hjáleiga og nýbýli frá Stórólshvoli, byggt fyrir 10 árum." Á upprætti af bæjum Stórólshvols- og Sigluvíkursóknum úr Sýslu- og sóknalýsingu Rangárvallasýslu er Magrivöllur staðsettur rétt neðan Stórólshvols. Magravallar er getið í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847. Þar sem tættur af Birgu voru stendur nú íbúðarhús. Þar voru tættur í minni Hrafnkels Helgasonar sem ólst upp á Stórólshvoli. Að hans sögn voru tóftirnar handsléttar en hóllinn sem eftir stóð var síðar alveg eyðilagður þegar íbúðarhúsið á Stórólshvoli var byggt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 3; Ö-Hvolsvöllur athugasemdir, 1; JJ, 35



Horft til suðvesturs yfir íbúðarhúsið sem byggt var á tóftum Birgu, áður Magrivöllur.

5. Minjar á skráningarsvæðinu

Það svæði sem skráð var að þessu sinni, Hvolsvöllur og næsta nágrenni, einkennist af flatlendi sem vel er fallið til ræktunar. Stór hluti skráningarsvæðisins hefur því verið ræst fram eða sléttaður undir tún. Við Eystri-Rangá eru dalir, nes og eyrar, og frá Brúnum, en svo heitir brúnin ofan við Eystri-Rangá, eru þýfðir vallendis- og lyngmóar. Allt svæðið frá Brúnum að Stórólshvoli er mjög flatlent og þar eru víða djúpar grófir sem skera landið, kallaðar öldur. Stórólshvoll stendur sunnan undir Hvolsfjalli, sem er eina fjallið á svæðinu. Það er lágt og vel gróið og víða eru klettabjallar í brúnum þess.

Landslag á skráningarsvæðinu hefur breyst mikið á undanförunum áratugum. Túnasléttun, framræsla og tíð ábúendaskipti valda því að heimildir um minjar eru fátæklegar og örnefni oft týnd. Þetta gerir það að verkum að fornleifaskráning er erfiðari en ella, þó að enn megi finna heimildamenn sem muna gamla tíð og auðvelda skráningu á minjum sem stundum eru löngu afmáðar af yfirborði jarðar.

Við vettvangsrannsókn voru skráðir 105 minjastaðir í landi Stórólshvols, Kornhúsa, Götu, Stóragerðis, Litlagerðis, Króktúns, Magravallar og Vestri- og Eystri- Garðsauka og Miðkrika. Allir þessir staðir teljast, samkvæmt lögbundinni skilgreiningu, fornleifar og eru því friðhelgir. Hættumat var gert á öllum minjastöðunum og töldust 30 þeirra í stórhættu, 64 í hættu en aðeins 11 í engri hættu. Langflestir staðanna (eða 41) teljast í hættu vegna ábúðar. Þá eru einnig margir staðir (28) í hættu vegna ágangs hesta. Það síðarnefnda á sérstaklega við um land Götu, Vestri-Garðsauka og Garðsaukahjáleigu. Framkvæmdir ógna 17 minjastöðum, trjárækt 3 en vatnsrof 1. Vegir er hættulega nærri 4 minjastöðum. Engin ógn steðjar að 11 minjastöðum.

Af minjastöðunum 105 reyndust 66 innan aðalskipulagsreits. Af þeim eru:

- 22 staðir á skipulagssvæði þar sem líklegt er að miklar framkvæmdir verði á næstu árum. Þetta eru svæði þar sem fyrirhuguð er íbúða-, þjónustu-, iðnaðar- eða hesthúsahverfi, og “opin svæði til sérstakra nota“ (dökk svæði). Fornleifar innan þessara svæða teljast í mikilli hættu.
- 44 staðir á skipulagssvæðum þar sem litlar líkur eru á miklum framkvæmdum á næstum árum. Dæmi um slík svæði eru skilgreind landbúnaðarsvæði og “óbyggð svæði” (ljós svæði). Fornleifar innan þessara svæða teljast oft í hættu vegna þess umróts sem gjarnan fylgir hefðbundnum landbúnaði en eru ekki skilgreindar í sérstakri hættu út af skipulagi.

Auk fornleifanna innan aðalskipulags voru skráðar 39 fornleifar. Þær nyrstu eru við Eystri-Rangá en þeir syðstu við Götu. Hér á eftir er fjallað um minjastaði í, við og utan aðalskipulags Hvolsvallar.

5.1 Minjar innan framkvæmdasvæða á aðalskipulagi

Að neðan er skrá um minjar sem teljast í stórhættu vegna aðalskipulags Hvolsvallar. Á svæðinu er vitað um 22 fornleifar sem teljast í uppnámi. Þetta eru:

- Miðkriki (**RA-234:001-002**). Bæjarhóll Miðkrika og fjárhús sem stóð suðvestan hans, eru á svæði sem skipulagt er fyrir hesthúsaþverfi.
- Þvottagarður (**RA-237:007**). Þvottagarður var norðan Eystri-Garðsauka. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt. Svæðið er skipulagt sem iðnaðarsvæði.
- Stórólshvoll (**RA-255:001-007**). Allt bæjarstæði Stórólshvols er í stórhættu vegna framkvæmda. Þar er fyrirhugað svæði fyrir þjónustustofnanir. Þegar hefur bæjarstæðinu verið raskað umtalsvert, nú síðast árið 2003 með byggingu safnaðarheimils inn í bæjarhólinn.
- Fjóstóft í Fjósadal (**RA-255:009**). Í mynni Fjósadals er tóft sem lendir í jaðri svæðis þar sem fyrirhuguð er íbúðabyggð.
- Norðurgarður (**RA-255:035**). Bæjarstæði Norðurgarðs er á svæði þar sem er fyrirhuguð íbúðabyggð.
- Þústir (**RA-255:047**), sem líkjast rústahólum útihúsa, eru á svæði þar sem fyrirhuguð er frístundabyggð.
- Þúst (**RA-255:049**) sem líkist rústahólum útihúsa víða á svæðinu, er á lóð Hlíðarvegar 17.
- Þúst (**RA-255:050**) er í Hvolstúni. Þar er áætluð íbúðabyggð.
- Gerði (**RA-255:051**) er suðvestan við Sláturfélag Suðurlands (við Ormsvöll 8). Þar er fyrirhugað iðnaðarsvæði skv. aðalskipulagi.
- Fjárhús (**RA-255:053**) stóðu þar sem nú er Hlíðarvegur 17.
- Rétt (**RA-255:055**) var á Öldubökkum. Nákvæm staðsetning réttarinnar er ekki kunn en þó vitað að hún var á því svæði þar sem nú er fyrirhuguð íbúðabyggð.
- Kornhús (**RA-256:001**), nú kallað Ásgarður. Bæjarstæði Kornhúsa er á svæði þar sem fyrirhuguð er frístundabyggð.
- Stóragerði (**RA-258:001**). Bæjarstæði og tóftir Stóragerðis eru við enda götunnar Öldubakka. Þar er fyrirhuguð frekari íbúðabyggð og þegar hefur verið byggt alveg að

tóftunum.

- Litlagerði (**RA-258:001**). Nákvæm staðsetning bæjarstæðis Litlagerðis er ekki kunn en það var norðan við Stóragerði, í Hvolstúni. Fyrirhuguð er íbúðabyggð á svæðinu.
- Magrivöllur (**RA-261:001**). Bæjarstæði Magravallar er þar sem íbúðarhúsið Birga stendur nú, við Hvolströð.

Aðeins sjást mannvirkjaleifar á yfirborði fimm staðanna, (**RA-255:009, RA-255:047; RA-255:049, RA-255:051; RA-258:001**), en líkur eru á að á mun fleiri stöðum leynist fornleifar undir sverði.

5.2 Minjar innan við 100 m frá framkvæmdasvæðum

Skráðir voru 44 minjastaðir innan aðalskipulags Hvolsvallar, á svæðum sem eru merkt sem landbúnaðarsvæði eða sem “óbyggð svæði” (ljós svæði). Af þessum 44 stöðum reyndust 19 innan við 100 m frá svæðum sem ætluð eru undir íbúða-, þjónustu-, iðnaðar-, eða hesthúsasvæði, í aðalskipulagi (dökk svæði) og teljast í hættu vegna nálægðar við þessi svæði. Þetta eru eftirtaldir staðir:

- Fjórtán minjastaðir eru innan við 100 m frá svæði sem kallað er hesthúsasvæði í aðalskipulagi og teljast af þeim sökum í hættu vegna umferðar og annars rasks sem orðið getur við framkvæmdirnar. Þeir eru: (**RA-232:001, RA-232:002, RA-232:003, RA-232:009, RA-232:011, RA-232:020, RA-232:021, RA-232:022, RA-232:023, RA-233:001, RA-233:002, RA-233:006, RA-234:008, RA-234:006**). Þessir minjastaðir samanstanda af tveimur bæjarhólum (Vestri-Garðsauka – RA-232:001 og Garðsaukahjáleigu - RA-232:001) margvíslegum minjastöðum á og í kringum þá.
- Bæjarhóll Eystri-Garðsauka (**RA-237:001**) er innan við 100 m frá fyrirhuguðu iðnaðarsvæði.
- Bæjarstæði Króktúns og minjastaðir tengdir því (**RA-260:001, RA-260:002, RA-260:003, RA-260:004**) eru innan við 100 m frá svæði þar sem fyrirhuguð er íbúðabyggð.

Ummerki allra ofangreindra minjastaða nema tveggja (**RA-260:001, RA-260:002**) eru merkjanleg á yfirborði.

5.3 Landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði

Utan við minjastaðina 19 sem innan 100 m frá framkvæmdasvæðum (sjá kafla 7.2) eru 25

minjastaðir á svæðum sem merkt eru fyrir landbúnað eða sem “óbyggð svæði” (ljós svæði).

Flestir þessara minjastaða eru í Vestri-Garðsauka (**RA-232:004, RA-232:005, RA-232:006, RA-232:007, RA-232:008, RA-232:010, RA-232:013, RA-232:014, RA-232:015, RA-232:017, RA-232:018, RA-232:019**), Garðsaukahjáleigu (**RA-233:003, RA-233:004, RA-233:005**) og Miðkrika (**RA-234:003, RA-234:005, RA-234:007**), alls 18 staðir. Í landi Á slíku svæði í landi Stórólshvols eru úthús (**RA-255:008**), Fagrabrekka (**RA-255:015**), Heygarðsbjalli (**RA-255:025**), þúst (**RA-255:029**), þúst (**RA-255:036**), þúst (**RA-255:048**) og tóftaþyrping (**RA-255:025** sem er þegar í hættu vegna skógræktar).

5.4 Minjar utan aðalskipulagssvæðis

Utan við minjastaði innan aðalskipulags Hvolsvallar voru skráðir 39 minjastaðir í landi Stórólshvols og hjáleigna. Umrætt svæði náði allt frá Djúpadal við Eystri-Rangá í norðri, að Götu í suðri.

Dreifing fornleifa var, eins og við mátti búast, þéttust túni við bæina en dreifaðri eftir því sem fjær dróg frá bæ. Margvíslegt mynstur má sjá þegar dreifing einstakra tegunda fornleifa var skoðuð. Bændur á stórbýlinu Stórólshvoli virðast t.d. helst hafa staðsett hjáleigur annarsvegur í túnjaðri (sbr. Norðurgarð, Litlugerði, Stórugerði), og hinsvegar við landamerki (sbr. Djúpadal, Götu og Þinghól).

Eins og að framan greinir er landið mjög flatlent og virðist ekki hafa verið tilhneiging til að reisa mannvirki á rennisléttum völlum. Utan túna eru flestir minjastaðir á Brúnum, en svo eru brúnirnar ofan Eystri-Rangár og hlíðarrætur Hvolsfjalls kallaðar. Mörg nýbýli hafa á undanförunum áratugum verið stofnuð á völlum milli Stórólshvols og Eystri-Rangár og þar af leiðandi gætu minjar á þessum slóðum hafi horfið í tún eða við framkvæmdir.

Merki fornleifa sáust á 29 minjastöðum af þeim 39 sem skráðir voru utan aðalskipulags Hvolsvallar. Sjaldan var unnt að ákveða hvort minjastaður hafði verið algjörlega eyðilagður. Mögulegt er að einhverjar leifar marga minja kunnir enn að leynast undir grassverði eða byggingum og gætu komið í ljós við framkvæmdir síðar.

Þeir minjastaðir sem eru best varðveittir á skráningarsvæðinu eru nyrst á því, í Djúpadal, Borgardal, Dýjanesi og á Brúnum. Minjar þar hafa, að mestu, sloppið við rask af mannavöldum. Margar þeirra eru þó í hættu nú vegna vegagerðar og framkvæmda við sumarhúsabyggingar á Brúnum. Athyglisverðir minjastaðir á þessu svæði eru:

- Mikið garðlag og fornlegt, (RA-255:040) sem liggur um 2,5 km leið á Brúnum. Frá því liggur a.m.k. einn þvergarður (RA-255:054), niður að Eystri-Rangá. Einnig liggur

garðlag (RA-255:030) í hlíðarrótum, neðan Brúna. Garðlög á skráningarsvæðinu hafa vakið athygli manna í gegnum tíðina m.a. er minnst á þau í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709.¹²

- Fjánhellir (RA-255:019) var klappaður í móbergshól sunnan við Djúpadal (RA-255:030) snemma á 19. öld, en nú er hrúnið fyrir op hans.
- Meint eldra bæjarstæði Djúpadals (RA-255:012) er á fallegum stað á Rangárbökkum í Djúpadal. Þá er stór hringlaga tóft af fjárborg (RA-255:021) í Borgardal og á Brúnir raða sér tóftaþyrpingar. Þær sjást vel þegar nýlegur malarvegur að veiðihúsunum við Eystri-Rangá er ekinn. Þar tekur hver tóftaþyrpingin á fætur annarri við. Allar eru þær keimlíkar, 1-2 stórar hólfaskiptar tóftir, ferkantaðar og 2-3 einfaldar hringlaga tóftir. Að öllum líkindum eru þetta beitarhúsatóftir og heystæði.
- Á bökkum Miðöldu er tóftaþyrping (RA-255:025), í sama stíl og að ofan er lýst, og vitað er að þar voru beitarhús frá Þinghóli (RA-255:011).
- Gamla Hvolstrétt (RA-255:034) er norðvestan undir Hvolfsfjalli og þar norðar er Kaldibrunnur (RA-255:024). Þangað var náð í vatn þegar Skrápur (RA-255:014) þvarr. Það er óhætt að segja að það hafi verið spotti að ganga eftir vatni t.d. frá Stórólshvolsbæ (RA-255:001) en á milli staðanna er 1,7 km (í beinni loftlínu).
- Við Þinghól (RA-255:011) eru merkilegar minjar. Gálgaklettur (RA-255:013), standklettur með geil sín á milli, setja mikinn svip á bæjarstæðið og þar austan við er lind sem sprettur fram í hellisskúta, Skrápur (RA-255:014). Þinghóllinn (RA-255:010) sjálfur er týndur en Kornhúsaþóll (RA-256:002), sem þjóðfræðin segja Stórólfr liggja rís ávalur austur af kirkjugarði Stórólshvolskirkju.
- Á Ormsvelli eru leifar áveitukerfa (RA-255:016), líklega þeirra sömu og t.d. er fjallað um í Frásögum um fornaldarleifar frá árinu 1818.¹³ Þar syðst á vellinum eru einnig tóftir Ormsvallar (RA-255:044), hjáleigu frá Stórólshvoli sem var stofnuð 1828.

Af ofangreindri umfjöllum er ljóst að á Hvolsvelli og í næsta nágrenni er þekktur fjöldi fornleifa. Enn má greina leifar sumra fornleifanna, en fleiri eru þó horfnar af yfirborði. Á næstu árum eru áætlaðar töluverðar framkvæmdir í og við Hvolsvöll og er líklegt að sumar þessara framkvæmda geti ógnað minjum á svæðinu. Minjar sem sjást á yfirborði og eru í námunda við framkvæmdir (s.s. tóftir Stóragerðis - **RA-258:001** og fjóstóft - **RA-255:009**) er rétt að girða af og merkja á áberandi hátt til að koma í veg fyrir skemmdir af völdum

¹² JÁM I, 216.

¹³ Frásögur um fornaldarleifar I, 133

vinnuvéla og lóðaframkvæmda.

Fastlega má búast við að við umrót verði víða komið niður á fornleifar, t.d. á bæjarstæði Stórólshvols, í Hvolstúni og túninu vestan Króktúns og á bökkum Öldunnar. Hjáleigum frá Stórólshvoli var raðað á austurbakka Öldunnar og þó ekki sjáist ummerki um þær allar á yfirborð, eru líkur á að leifar margra þeirra séu undir sverði.

Rétt er að minna á að áður en framkvæmdir hefjast á svæðum þar sem þekktar eru fornleifar (hvort sem þær sjást á yfirborði eða ekki) þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins.

6. Niðurlag

Nú liggur fyrir heildarskrá um fornleifar á Hvolsvelli og í landi Stórólshvols. Í skýrslu þessari hefur verið fjallað um hugsanleg áhrif fyrirbyggjandi aðalskipulags á fornleifar, en að öðru leyti ekki fjallað sérstaklega um breytingar á landnotkun sem gætu haft áhrif á fornleifar í framtíðinni. Við endurskoðun aðalskipulags er nauðsynlegt að bera fornleifaskrána saman við tillögur um landnotkun og gera ráðstafanir til verndunar fornleifum. Allmargir minjastaðir hafa horfið undir byggð og í tún á skráningarsvæðinu á undanförunum áratugum en jafnframt er ljóst að þeir fáu staðir sem enn eru óspjallaðir í bæjarlandinu, henta vel til fræðslu og kynningar. Þar er um að ræða verðmæti sem ástæða er til að varðveita til framtíðar.

Í skýrslulok er rétt að geta þeirra takmarka sem eru á þessu mati. Við skráningu var stuðst við aðalskipulagskort af Hvolsvelli sem enn er í mótun. Endanlegt skipulag svæðisins kann því að vera frábrugðið skipulagskorti sem fylgir með, aftast í skýrslunni. Staðsetning fornleifa er þó óháð aðalskipulagi og ætti að vera hægt að nota skrána til að þróa skipulagsupprátt frekar, með tilliti til fornleifa.

Einnig er rétt að minna á að mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornar mannvistaleifar er nýjung hér á landi, engin viðurkennd aðferðafræði liggur fyrir og þróun aðferða er stutt á veg komin. Enn er langt í land að unnt verði að skera úr með fullri vissu að framkvæmdasvæði hafi verið valin á þann hátt að engin hætta sé á að minjar finnist þar síðar.

Heimildaskrá

Heimildamenn

Djúpidalur: Benedikt Valberg, f. 1933.

Gata: Sveinn Pálmi Hólmgeirsson, f. 1968.

Hvolsvöllur: Pálmi Eyjólfsson, f. 1920.

Króktún: Margrét Guðmundsdóttir, f. 1927.

Miðkríki: Valgerður Jóhannsdóttir, f. 1918 og Gunnar Friðberg Sigurþórsson, f. 1936.

Stórolfshvoll: Hrafnkell Helgason, f. 1928.

Vestri-Garðsauki: Kristín Einarsdóttir, f. 1923.

Pinghóll: Bjarni Böðvarsson, f. 1938 og Kristín B. Tryggvadóttir, f. 1942.

Prentaðar heimildir

Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir. *Manngerðir hellar á Íslandi*. Reykjavík 1991.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn*. I-XV bindi. Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifaskráning á Húsavík* (Skýrsla FS166-01171). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2002.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifaskráning í Hveragerði* (Skýrsla FS 137-00171) Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2002.

Eyjólfur Guðmundsson. „Ritgerð um hella í Rangárvallasýslu.“ *Goðasteinn. Héraðsrit Rangæinga*. 34. árg., 1998, 54-69.

FF I: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. I bindi. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Örn og Örlygur, Reykjavík, 1983

Guðmundur Kristinsson. *Styrjaldarárin á Suðurlandi*. Árnesútgáfan, Selfossi 1998.

Hrafnkell Helgason. „Hvolsréttir.“ *Fréttapunktur frá skrifstofu Hvolhrepps*. 2. tölublað, 6 árg. 1995.

ÍF I: *Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma*. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík 1968.


JÁM I: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Vestamannaeyjar og Rangárvallasýsla*. I bindi. Kaupmannahöfn, 1913-1917.

JJ: Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847.

Jón Jakobsson. „Yfirlit yfir muni selda og gefna Forngripasafninu 1905.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1906*, 54-57.

- Landamerkjabréf 148. Gert að Stórólfshevoli 19. maí 1890. *Landamerkjabók Rangárvallasýslu*. Bl. 83.
- Matthías Þórðarson. „Yfirlit yfir muni selda og gefna Forngripasafninu 1907.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1908*, 53-58.
- Páll Sigurðsson. *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar*. Bókaútgáfan Skjaldborg, Reykjavík 1992.
- PS:** Páll Sigurðsson. „Um forn örnefni, goðorðaskipun og fornmenjar í Rangárþingi.“ *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju* II, Kaupmannahöfn 1886, 498-557.
- SB IV:** *Sunnlenskar byggðir. Rangárþing austan Eystri-Rangár*. IV. bindi. Búnaðarsamband Suðurlands, [án útgáfust.] 1982.
- SSR:** *Rangárvallasýsla. Sýslu-og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 172-1873*. Árni Böðvarsson sá um útgáfuna. Rangæingafélagið í Reykjavík, Reykjavík 1968.
- Sædís Gunnarsdóttir. „Hvolhreppur.“ *Meningarminjar í Rangárvallasýslu* (Skýrsla FS122-99023). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2000, 27-29.
- Túnakort Hvolhrepps*. Þjóðskjalasafn Íslands 1917.
- Vefur Sambands íslenskra sveitafélaga: <http://www.samband.is>. Skoðað 12. apríl 2004.
- Ö-Garðsaukabæir:** *Örnefnaskrá Garðsaukabæja. Eystri-Garðsauki, Miðkriki og Vestri Garðsauki*. Sigurður Jóhannsson skráði. Örnefnastofnun [án ártals].
- Ö-Hvolsvöllur athugasemdir:** *Athugasemdir við örnefnaskrá Hvolsvallar*. Þórður Tómasson skráði. Örnefnastofnun [án ártals].
- Ö-Hvolsvöllur og umhverfi:** *Örnefnaskrá Hvolsvallar og umhverfis*. Bergsteinn Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun [án ártals].

Fylgiskjöl - fornleifakort







Upplýsingar um fornleifar: Ísleif, FSÍ
 Kort fengin frá: Rúnar Guðmundsson,
 Skipulags- og byggingarfulltrúi, Hvolsvelli



Upplýsingar um forleifar: Ísleif, FSÍ
 Kort fengin frá: Rúnar Guðmundsson,
 Skipulags- og byggingarfulltrúi, Hvolsvelli





Upplýsingar um fornleifar: Ísleif, FSÍ
 Kort fengin frá: Rúnar Guðmundsson,
 Skipulags- og byggingarfulltrúi, Hvolsvelli



